



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. júlí 2009 – 167. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR



Sýnir hjá ókunnugum

Ævar Þór Benediktsson setur upp einleik í stofum ókunnugra.

FÓLK 34

Endurvekja vinsælan veitingastað

Hjónin Petra og Snorri opna aftur veitingastaðinn Brauðbæ.

TÍMAMÓT 22



Á eigin fótum?

„Ísland hefur síðustu ár verið vettvangur augljósra efnahagsbrota, sannkallað þjófabæli, sumpart í boði meðvirkra stjórnvalda,“ skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 18

FH steinlá á heimavelli

Íslandsmeistarar FH töpuðu fyrir Aktobe frá Kasakstan 0-4 á Kaplakrikavelli í gær og eru í nánast vonlausri stöðu fyrir seinni leikinn.


ÍÞRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



Hljáfast sunnanlands í dag verður norðaustlæg átt, víða 3-8 m/s en hvassara á Snæfellsnesi og við SA-ströndina. Nokkuð bjart vestan til en súld eða rigning suðaustan- og austanlands framan af degi.

VEÐUR 4



Fréttablaðið er með 117% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.

Atkvæði greidd um ESB-málið á hádegi

Uppnám varð á Alþingi í gær vegna falinnar skýrslu, vendinga þingmanna Borgarahreyfingarinnar og breyttrar afstöðu formanns Framsóknarflokksins.

STJÓRNMÁL Það ræðst í hádeginu hvort Ísland sækir um aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Þá ganga þingmenn til atkvæða um tillögu þar um, að undangengnum ræðum forystumanna stjórnmálaflokkanna fimm.

Fyrst verða greidd atkvæði um breytingartillögu sjálfstæðismanna en hún gerir ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort sækja beri um aðild.

Tillagan nýtur stuðnings út fyrir raðir Sjálfstæðisflokksins. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingflokksformaður VG, ætlar að greiða henni atkvæði sitt og allt eins er líklegt að það geri líka þingmenn úr Framsóknarflokki og Borgarahreyfingunni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hugnast fleiri þingmönnum VG en Guðfríði Lilju tillagan. Þeim er hins vegar ljóst að greiði þeir leið

hennar til samþykkis kæmi sjálf tillaga ríkisstjórnarinnar ekki til atkvæðagreiðslu. Þar með hefði Samfylkingin – og þar með ríkisstjórnin – beðið skipbrot í málinu og stjórnarsamstarfinu því í raun sjálfhætt.

Samkomulag tókst með formönnum stjórnmálaflokkanna á þriðjudag um að ljúka umræðum í gær og ganga til atkvæðagreiðslu seinni partinn. Vendingar þriggja þingmanna Borgarahreyfingarinnar, falin skýrsla um landbúnað og breytt viðhorf formanns Framsóknarflokksins, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, til samkomulagsins hleyptu þeim áformum í uppnám. Tvo fundi þingflokksformanna, tvo fundi flokksformanna og margvíslegar samræður í hlíðarherbergjum þurfti til að ná samkomulagi um að ljúka málinu í dag.

„Ég lít svo á að stjórnin hafi tækifæri til að ná breiðri sátt, ekki bara í þinginu heldur í samfélaginu, með því að samþykkja okkar tillögu,“ sagði Illugi Gunnarsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, í gærkvöldi.

„Ég er bjartsýnn á að stjórnartillagan verði samþykkt þvert á flokka,“ sagði Björgvin G. Sigurðsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar. Gunnar Bragi Sveinsson, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, sagðist telja að tillaga ríkisstjórnarinnar hljóti meirihluta atkvæða.

Birgitta Jónsdóttir, Borgarahreyfingunni, sagðist ekkert vita um lyktri málsins og Árni Þór Sigurðsson VG sagði það eitt að ljóst væri að skoðanir væru skiptar á þingi jafnt sem í þjóðfélaginu en á endanum yrði það alltaf þjóðin sem réði málinu til lykta. - bps



KLÁRIR Í BÁTANA Hægt verður að fara í kanósiglingu á Tjörninni það sem eftir er júlímánaðar. Fyrst um sinn verður aðeins siglt í vesturenda Tjarnarinnar af tillitssemi við krúvarp. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hægt verður að fara í bátsferð um Reykjavíkurtjörn á blíðviðrisdögum í júlí: Bjóða upp á kanósiglingu á Tjörninni

REYKJAVÍK Landnemar, þróunarhöpur á vegum Vinnuskóla Reykjavíkur, munu á miðvikudögum, fimmtudögum og föstudögum út júlí bjóða fólki upp á að sigla á kanóum um Reykjavíkurtjörn.

Kanóarnir voru sjósettir, ef svo má að orði komast, í fyrsta sinn í gær. Þeir eru fyrir fjóra og stendur fólki til boða að sigla þeim, án endurgjalds, um Tjörnina frá tíu að morgni til þrjú síðdegis, hvort

sem er sjálft eða með liðsinni Landnemanna svokölluðu.

„Við viljum nýta það sem borgin hefur upp á að bjóða,“ segir Ívar Örn Sverrisson, verkefnisstjóri hjá Vinnuskólanum. - sh



EGGERT ÞORLEIFSSON Fer með hlutverk hins litríka Fagins í sýningu Þjóðleikhússins á Óliver. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Selma Björns leitar Ólivers: Eggert Þorleifsson nýr Fagin

LEIKLIST „Að fá að leikstýra Dúdda úr Með allt á hreinu hlýtur að vera draumur sérhvers leikstjóra,“ segir Selma Björnsdóttir í léttum dúr. Selma mun leikstýra einni stærstu sýningu Þjóðleikhússins á næsta leikári – Óliver, sem byggir á Oliver Twist eftir Charles Dickens. Eggert Þorleifsson mun leika smákrimmaforingjann Fagin, eina þekktustu persónu bókmenntasögunnar. Í september mun Þjóðleikhúsið efna til mikilla áheyrnarprufa en eftir er að finna persónuna sem allt hverfist um – sjálfan Óliver – auk um þrjátíu pílta á aldrinum 9 til 14 ára. Og þar er Selma á heimavelli sem einn helsti sérfræðingur landsins hvað varðar áheyrnarprufur. - jbg / sjá síðu 34

Keypti sér sigarettupakka: Borgaði 23 þúsund billjónir

BANDARÍKIN Bandarískur maður fékk rúmlega 23 þúsund billjóna (23 milljónir milljarða) dala kreditkortareikning eftir að hann keypti einn sigarettupakka á bensinstöð. Upphæðin er margfalt hærri en þjóðarskuldir Bandaríkjanna.

Maðurinn, Josh Muszynski að nafni, uppgötvaði þetta þegar hann fór á heimabankann sinn. Hann eyddi því næst tveimur klukkutímum í það að reyna að sannfæra bankann um að mistök hefðu verið gerð. Að lokum viðurkenndi bankinn mistökin og leiðrétti færsluna. „Ég hélt að einhver hefði keypt Evrópu með kreditkortinu mínu,“ sagði Josh. Enn hefur þó ekki verið upplýst hvernig þetta gat gerst. - þeb

Styrkir til stjórnmálaflokka: Geta neitað að veita upplýsingar

PERSÓNUEVRND Ef gefendur fjár til stjórnmálaflokka á árunum 2002 til 2006 vilja ekki að nöfn þeirra verði opinberuð verður slíkt ekki gert. Þetta kemur fram í nýjstu drögum að frumvarpi um fjármál stjórnmálasmáttaka sem send voru Persónuevrnd til umsagnar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra skipaði í vor nefnd um endurskoðun laga um fjármál stjórnmálaflokka. Í drögum segir að tilgreina skuli sérstaklega þá aðila sem veitt hafa framlag að fjárhæð 500.000 krónur eða meira en ætíð þurfi þó samþykki viðkomandi fyrirtækis eða einstaklings áður. - gar, bpa / sjá síðu 6

sbarro 18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum **1990** Risa pizza **kr.**

Stjórnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750

50%
AFSLÁTTUR
ÖLL SUMARBLÓM
OG TRJÁPLÖNTUR

2 fyrir 1
SÝPRIS
499

GARÐ ÚTSALA

Lýkur um helgina!

SUNWIND



GASGRILL
SD 2000
39.990
VERÐ ÁÐUR
45.990

15-35%
AFSLÁTTUR
GARÐ-
HÚSGÖGN

OREGON STÓLL
vnr. 3899087
4.990
VERÐ ÁÐUR
5.990



ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR
SKJÓLVEGGIR



20%
AFSLÁTTUR
SLÁTTUVÉLAR
OG ORF



PALLAOLÍA
3 LTR
1999
VERÐ ÁÐUR
2490

Mest seldi
pallaolía
á Íslandi


HÚSASMÍDJAN

x blómaval

Frábær saman

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	127,46	128,06
Sterlingspund	208,83	209,85
Evra	179,09	180,09
Dönsk króna	24,051	24,191
Norsk króna	19,876	19,994
Sænsk króna	16,289	16,385
Japanskt jen	1,3617	1,3697

SDR	197,82	199
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	232,1129	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Þrjú ný tilfelli svínaflensu hafa greinst hér á landi en þau eru ekki alvarleg: Þrjú íslensk ungmenni sýkst

HEILBRIGÐISMÁL Sóttvarnalæknir hefur staðfest að þrjú ný tilfelli svínaflensu hafi greinst hér á landi og eru þau því alls orðin sjö. Fólkið, tvær stúlkur og einn piltur á aldrinum átján til nitján ára, veiktust eftir heimkomu frá Bandaríkjunum og Ástralíu. Premeningarnir eru ekki alvarlega veikir, að því er segir í tilkynningu frá sóttvarnalækni og Ríkislögreglustjóra. Ísland hefur tryggt sér kauprétt á allt að 300 þúsund skömmtum af bólefni gegn svínaflensunni. Þeir duga fyrir um helming þjóðarinnar, enda þarf að bólusetja hvern einstakling tvisvar til að

bólusetningin veiti fullnægjandi vernd. Segir í tilkynningunni að þar sem um nýtt bóluferni sé að ræða verði það óhjákvæmilega af skornum skammti í upphafi og því þurfi fyrst um sinn að greina og bólusetja fólk í helstu áhættuhópum. Þá megi búast við að hluti þjóðarinnar muni þegar hafa smitast þegar bóluferni berst til landsins. Þá þurfi ekki að bólusetja, enda veiti sýkingin þeim góða vernd. Tæplega 120 þúsund manns hafa nú smitast af influensunni í heiminum og 589 hafa látist úr henni. Dánarhlutfall af hennar völdum er svipað og í árstíðabundinni flensu. -sh



SÓTTVARNALÆKNIR Haraldur Briem sóttvarnalæknir hefur sagt að helmingur þjóðarinnar gæti sýkst af svínaflensu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þrjú Akureyringar hljóta dóm: Stálu gaskútum, tóbaki og áfengi

DÓMSMÁL Þrjú ungrir Akureyringar hafa verið dæmdir fyrir nokkra þjófnaði á síðasta ári. Ákvörðun refsingar yfir einum er frestað en tveir hlutu skilorðsbundið fangelsi, þriggja og fimm mánaða. Brotin frömdu piltarnir þegar þeir voru sextán til níttján ára. Þeir brutust inn í nokkrar verslanir, íbúðarhús og bíla og stálu áfengi, tóbaki, gaskútum og ýmsum raftækjum. Þá er einn þeirra einnig dæmdur fyrir að aka undir áhrifum kannabísefna. Yngsti maðurinn er dæmdur á skilorð en látinn sæta sérstakri umsjón á skilorðstímanum. -sh



VICKI SAHAKIAN Læknirinn sem Bousada laug að fyrir þremur árum. NORDICPHOTOS/AFP

Elsta mamman látin:

Lætur eftir sig unga tvíbura

SPÁNN, AP Spænsk kona, Maria del Carmen Bousada, sem árið 2006 varð elst kvenna til að eignast börn, er látin. Hún varð 69 ára gömul, en tvíburarnir sem hún fæddi eru tveggja ára. Spænskt dagblað segir að hún hafi greinst með krabbamein stuttu eftir fæðinguna. Bousada blekkti á sínum tíma starfsfólk bandaríska sjúkrahússins, þar sem hún fór í frjósemisaðgerð. Hún sagðist vera 55 ára og var ekki beðin um skilríki, en í raun var hún áratug eldri. Bousada hélt því ákveðið fram að úr því að móðir hennar varð 101 árs þá ætti hún góðar líkur á að verða nógu gömul til að geta alið upp börn sín. -gb

Nota íslenskan klósettpappír

VIÐSKIPTI Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafa gert samninga við íslenska pappírsmálfyrirnefndina Papco um kaup á öllum þurrkum, eldhúspappír og klósettpappír næstu tvö árin. Útboð fór fram vegna samninganna. Stofnanir Reykjavíkur og Akureyrar nota tugi tonna af pappír á hverju ári og er samningurinn því tugmilljóna króna virði. -peb

Segir samþykkt Icesave munu minnka atvinnuleysi

Seðlabankastjóri segir samþykkt frumvarps um ríkisábyrgð vegna Icesave munu draga úr atvinnuleysi og bæta stöðu fyrirtækja landsins. Ríkissjóður beri vel þær skuldbindingar sem samningurinn leggur á hann.

EFNAHAGSMÁL Ríkissjóður stendur vel undir þeim skuldbindingum sem Icesave-samningurinn leggur á herðar þjóðinni. Þetta kemur fram í umsögn Seðlabanka Íslands um málið. Seðlabankastjóri, Svein Harald Öygard, segir að verði Icesave samþykkt verði minna atvinnuleysi að ári og staða fyrirtækjanna betri. Það að fella samninginn komi Íslendingum ekki undan því að borga. Í umsögn bankans segir að gera megi ráð fyrir að í lok ársins 2015 verði búið að selja allar eignir gamla Landsbankans. Sé gert ráð fyrir 75 prósentu endurheimtum verði skuld íslenska ríkisins vegna samninganna 340 milljarðar króna. Sú upphæð samsvari 17 prósentum af áætlaðri vergi landsframleiðslu ársins 2009. Fyrsta greiðslan, árið 2016, mun nema 3,1 prósent af vergri landsframleiðslu en sú síðasta, 2023, 1,4 prósentum. Öygard segir að sú upphæð jafngildi því að sett verði til hliðar 1,2 prósent af vergri landsframleiðslu ár hvert meðan á samningstímanum stendur. Líkt og Fréttablaðið greindi frá á þriðjudag reiknar bankinn með að erlendar skuldir þjóðarinnar séu 200 prósent af vergri landsframleiðslu árið 2009, en þá reiknar bankinn með að hún verði 1.427 milljarðar. Erlendar skuldir eru þá um 2.800 milljarðar. Seðlabankinn tekur fram að mat hans er mörgum óvissuþáttum háð. Óvissa sé um þróun hagvaxtar, tekjuöflun ríkissjóðs og útflutningstekjur, sem og gengi krónunnar, að ónefndu endurheimtuhlutfalli eigna Landsbankans ytra. kolbeinn@frettabladid.is



SEÐLABANKASTJÓRI Seðlabankinn telur að ríkissjóður standi undir þeim skuldbindingum sem Icesave-samningurinn leggur á hann. Hann telur ástandið verða mun betra að ári verði samningurinn samþykktur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LÖGFRÆÐIÁLIT STENDUR

Í umsögn Seðlabankans er einnig lögfræðilegt álit og er það að mestu samhljóða því minnisblaði sem lagt var fyrir utanríkismálanefnd fyrir skemmstu, að sögn Sigurðar Thoróðsson, lögfræðings á alþjóða- og markaðssviði bankans. Það minnisblað hefur verið nokkuð í umræðunni eftir að Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, gagnrýndi starfsmenn bankans fyrir að kynna álitit sem umsögn Seðlabankans. Svein Harald Öygard segir að fráleitt sé að nefndarmenn hafi verið að villa á sér heimildir. Hann telur málið hins vegar litlu skipta og tímasóun að velta sér upp úr því. Í lögfræðialitinu er bent á að samningarnir séu einkaréttarlegs eðlis og ekki verði séð að nein tilvísun sé í þeim til Brüsselviðmiðanna svokölluðu, en þar er lögð áhersla á þær erfiðu og fordæmalausu aðstæður sem Ísland er í. Þá segir að ákvæði um endurupptöku séu óskýr og samningurinn feli í sér víðtækara afsal lögsögu en vant er. Á blaðamannafundi Seðlabankans í gær sagði Öygard að spá Seðlabankans gerði ráð fyrir því að sú staða kæmi ekki upp að lögfræðilegu spurningarnar skiptu máli. Landið eigi að ráða við skuldbindingarnar í samningnum. -kóp

Columbia Sportswear Company. www.ellingsen.is

COLUMBIA SUMARVÖRUR

Ellingsen - fullt hús ævintýra

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir Veðurfréttamaður

ÁGÆTAR HORFUR Í dag verður lítils háttar væta við suðausturströndina en annars að mestu þurr. Helgarpáin lítur ágætlega út. Það verður áfram hæglætisveður að mestu og minni háttar úrkoma. Hljást verður inn til landsins sunnan og vestan til.

Á MORGUN Hægviðri eða hafgola. LAUGARDAGUR Hæg breytileg átt um allt land.

HEIMURINN

Alicante	31°
Bassel	34°
Berlín	27°
Billund	23°
Eindhoven	22°
Frankfurt	29°
Friedrichshafen	30°
Gautaborg	23°
Kaupmannahöfn	23°
Las Palmas	24°
London	22°
Mallorca	32°
New York	31°
Orlando	34°
Ósló	22°
París	29°
San Francisco	24°
Stokkhólmur	22°

Vindhraði er í m/s. Hitastigi eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Einn með öllu á frábæru tilboði í dag!

Þú getur
talað fyrir
12.000 kr.
1.000 kr. inneign
á mánuði í eitt ár
fylgir símanum.



LG KU990i Viewty

Glæsilegur LG sími með stórum snertiskjá, 3G, 5MP myndavél og tónlistarspilara. Flottur sími til að vafra um netið og kíkja á tölvupóstinn í gegnum M-ið eða uppfæra stöðuna á Facebook o.s.frv. Fæst í svörtu, hvítu og bleiku.

Tilboðsverð: GILDIR AÐEINS Í DAG

29.900 kr.

Símalán - útborgun 5.900 kr.
Aðeins 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Venjulegt verð: 34.900 kr.

Lítill og flott LG fartölva

LG X120 með innbyggðu 3G netkort
- þú ferð á netið hvar og hvenær sem er!

Verð aðeins:

79.900 kr.*

*Gegn 6 mánaða bindingu í 3G netlyklaáskrift 2 eða 3.
Fullt verð án bindingar: 109.900
Símalán og léttgreiðslur í allt að 12 mánuði í boði.



3G ÁSKRIFTARLEIÐIR

NETLYKILL 2

- Allt að 3 Mbit hraði á sek.
- 7 GB gagnamagn innifalið
- 2 kr. fyrir umfram MB

Verð 2.990 kr. á mán.

NETLYKILL 3

- Allt að 5 Mbit hraði á sek.
- 15 GB gagnamagn innifalið
- 2 kr. fyrir umfram MB

Verð 4.990 kr. á mán.

Það er **Síminn** 



Langar þig að skoða kjól Jóhönnu Guðrúnar sem verður til sýnis á Hringbraut 49 á næstunni?

Já 5,9%
Nei 94,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er rétt að leyfa fyrrum kvótæigendum að stunda strandveiðar?

Segðu þína skoðun á vísir.is.



Rannsóknarsetur verslunarinnar birtir niðurstöður um neyslumynstur þjóðarinnar:

Sala á húsgögnum hrynur

NEYTENDUR „Það hefur verið verulegur samdráttur í varanlegum neysluvörum að undanfögnu,“ segir Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar. Samdrátturinn hefur verið hvað mestur í sölu á húsgögnum sem hefur dregist saman um 45,6 prósent á föstu verðlagi frá júní í fyrra en 31,2 prósent á breytilegu verðlagi.

Fast verðlag sýnir þá raunbreytingu í sölu sem hefur verið milli ára eftir að búið er að taka mið af verðbólgu. Breytilegt verðlag sýnir hve mikið seldist í krónum talið án þess að taka mið af því að vörur hækka í verði á milli ára.

Emil segir markvert hve mikill samdráttur hafi verið í áfengissölu. Salan hafi dregist saman um þrettán prósent á föstu verðlagi en aukist um tuttugu prósent á breytilegu verðlagi. Emil segir að þessi mikli munur skýrist að miklu leyti af auknum álögum á áfengi en hann bendir á að salan hafi ekki verið minni frá árinu 2004. Áfengi hefur hækkað um 38 prósent frá fyrra ári.

Verslun með dagvöru dróst saman um 4,7 prósent á föstu verðlagi. Sala raftækja hefur dregist saman um 32,4 prósent, fót um 24,9 prósent og skósala um 23,7 prósent á föstu verðlagi.



EMIL B. KARLSSON Forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar segir að mikill samdráttur hafi verið í sölu áfengis sem skýrist af miklum hækkingum að undanfögnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fyrsta skóflustunga í gær: Ný fóðurverk-smiðja Líflands

LANDBÚNAÐUR Fyrsta skóflustunga var tekin að nýrri fóðurverksmiðju Líflands að Grundartanga í gær. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra voru viðstödd athöfnina.

Í fréttatilkynningu frá Líflandi segir að verksmiðjan marki ákveðin þáttaskil í fóðurviðnáði og landbúnaði því að hún auki til muna nákvæmni og gæði fóðurframleiðslu hér á landi. Í verksmiðjunni verður tæknibúnaður af fullkomnustu gerð og miðað verður við heilbrigðiskröfur Evrópusambandsins.

- bpa



Viðskiptavinir Byrs geta sparað sér þúsundir króna á ári!

Frá og með 1. ágúst nk. verður allur hefðbundinn póstur frá Byr sendur út rafrænt. Pósturinn er sendur beint í heimabankann þinn.

Byr mun því ekki lengur senda út eftirfarandi:

- Reikningsyfirlit
- Kreditkortayfirlit
- Greiðsluseðla lána og kreditkorta

Engin breyting verður á útsendum pósti til ófjárráða einstaklinga. **Pappírslaus viðskipti fela í sér bæði einfaldari og öruggari samskipti.** Pósturinn skilar sér alltaf til þín í heimabankann sem aðeins þú hefur aðgang að.

Dæmi um sparnað	Fjöldi á ári	Sparnaður á ári
Yfirlit launareiknings	4	380 kr.
Kreditkortayfirlit og greiðsluseðill*	12	2.100 kr.
Greiðsluseðill lána í íslenskum krónum*	12	5.160 kr.
Greiðsluseðill lána í erlendri mynt*	12	3.600 kr.
Samtals sparnaður á ári:		11.240 kr.

*Miðað er við skuldfærslu og rafrænt yfirlit

Hægt er að sækja um pappír og heimabanka Byrs á www.byr.is, í næsta útibúi Byrs eða með því að hringja í síma 575 4000.



Gefendur ráða hvort framlög eru upplýst

Persónuvernd segir að ekki megi upplýsa um þá sem styrktu stjórnmalaflokka á árunum 2002 til 2006 nema með samþykki gefenda. Lög frá í ársbyrjun 2007 gera ráð fyrir að upplýst sé um alla lögaðila sem styrkja stjórnmalasamtök.

PERSÓNUPERND Ef gefendur fjár til stjórnmalaflokka á árunum 2002 til 2006 vilja ekki að nöfn þeirra verði opinberuð verður slíkt ekki gert. Þetta kemur fram í nýjustu drögum að frumvarpi um fjármál stjórnmalasamtaka.

Í kjölfar upplýstrana í vor um ofurstyrki til stjórnmalaflokka skipaði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra nefnd um endurskoðun laga um fjármál stjórnmalaflokka. Nefndin sendi Persónuvernd drög að frumvarpi til umsagnar. Persónuvernd leggur áherslu á að nöfn einstaklinga sem gefa fé til stjórnmalaflokka verði ekki opinberuð nema með samþykki viðkomandi, enda séu stjórnmalaskoðanir viðkvæmar persónuupplýsingar.

Í frumvarpsdrögum kemur meðal annars fram að Ríkisendurskoðun skuli vinna úr upplýsingum frá stjórnmalasamtökum og birta á samræmdan hátt niðurstöður fyrir hver stjórnmalasamtök og hvern frambjóðanda fyrir árin 2002 til 2006.

„Tilgreina skal sérstaklega þá aðila sem veitt hafa framlag að fjárhæð 500.000 krónur eða meira. Hafi aðili krafist trúnaðar um framlög sín til viðkomandi stjórnmalasamtaka skal engu að síður birta upplýsingar um fjárhæð framlagsins en upplýsingar um heiti viðkomandi aðila skulu ekki birtar án samþykkis hans. Sé um einstakling að ræða skal birting á nafni hans sem styrkveitanda ávallt byggja á samþykki hans,“ segir í frumvarpsdrögum.

Samkvæmt ofangreindu ákvæði þurfa stjórnmalaflokkar að gefa



RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS Styrkjendur stjórnmalaflokka geta sjálfir ákveðið hvort upplýst verði um fjárfrelög þeirra á árunum 2002 til 2006 samkvæmt drögum að nýju frumvarpi um fjármál stjórnmalaflokka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

upp fjárhæð hvers styrks á árunum 2002 til 2006 en þurfa ekki að upplýsa um nöfn gefendanna, hvorki einstaklinga né fyrirtækja.

Eins og áður segir tekur frumvarpið sem er í smíðum til árunna 2002 til 2006 þegar engin lög mæltu fyrir um upplýsingaskyldu stjórnmalasamtaka og frambjóðenda vegna fjárfrelunar. Þremur dögum fyrir júl í árinu 2006 setti hins vegar Alþingi fræg lög sem

tóku gildi að hluta í ársbyrjun 2007 og að hluta um mitt ár 2007. Í þeim er mælt fyrir um að stjórnmalasamtökum og frambjóðendum sé óheimilt að taka á móti hærri framlögum frá lögaðilum og einstaklingum en sem nemur 300 þúsund krónum á ári og að birta skuli nafn allra lögaðila sem gefa viðkomandi peninga. Einnig er óheimilt að taka við fjárfrelögum frá óþekktum gefendum.

gar@frettabladid.is

Ísraelsk skýrsla lýsir mannréttindabrotum ísraelska hersins á Gasa í vetur:

Hermenn lýsa eigin framferðum

ÍSRAEL, AP Á þriðja tug ísraelskra hermanna, sem tóku þátt í árásum á Gasasvæðið um síðustu áramót, viðurkenna að ísraelski herinn hafi beitt óþarfa afli og kraftmiklum vopnum sem urðu fleiri almennum borgurum að bana en ella hefði orðið.

Sömuleiðis segja þeir ísraelska herinn hafa notað almenna borgara á Gasasvæðinu sér til varnar, þrátt fyrir að ísraelsk stjórnvöld hafi ítrekað sakað Palestínunum um sams konar athæfi.

Þetta kemur fram í skýrslu frá ísraelskum mannréttindasamtökum sem nefnast „Þögnin rofin“. Samtökin eru skipuð varaliðum úr ísraelska hernum, sem eru ósáttir við stefnu Ísraels gagnvart Palestínunum.

Ísraelsku hermennirnir, sem

játa fyrrgreind brot, eru ekki nafngreindir í skýrslunni. Samtökin segja það gert til að vernda hermennina, en fullyrða jafnframt að þeir séu fúsir til að koma fram undir nafni ef opinber rannsókn verður gerð.

Ísraelsk stjórnvöld segja ekkert hæft í þessum ásökunum. Skýrslan sé ómarktæk og samtökin breiði út óhróður um ísraelska herinn og yfirmenn hans.

„Ísraelsher er einn síðfagaðasti her í heimi og starfar samkvæmt ströngustu siðareglum,“ segir Ehud Barak varnarmálaráðherra.

- gb

RÚSTIRNAR FJARLÆGÐAR Enn er verið að vinna í rústunum sem árárs Ísraels skildu eftir sig á Gasa í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Útsala

nýtt kortatímabil

Vorum að bæta við nýjum vörum
fatnaður og skór

verð aðeins

250-3000 kr

BOLIR 250-2000 KR.

PEYSUR 1000-3000 KR.

BUXUR 1000-3000 KR.

SKÓR 1000-3000 KR.



OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

BYKO KORTIÐ

LEIKNUM LÝKUR
ÞANN 2. ÁGÚST

Sjá vinningshafa á www.byko.is 5. ágúst

LUKKU LEIKUR

FYRIR HANDHAFA BYKO KORTSINS

Þeir sem koma og versla í BYKO geta tekið þátt í Lukkuleik BYKO kortisins.

Allir sem hafa BYKO kortið eiga möguleika á glæsilegum vinningum.

Ef þú ert ekki með BYKO kortið þá getur þú sótt það í næstu

BYKO verslun þér að kostnaðarlausu um leið og þú tekur þátt í leiknum.

BYKO kortið veitir þér 10% staðgreiðsluafslátt*
auk fjölda sértílaþóða sem eru aðeins fyrir korthafa.

* Gildir ekki með TB og SV merktum vörum.

ÞAÐ KOSTAR EKKERT AÐ FÁ BYKO KORTIÐ

1. VINNINGUR

250.000 kr.

INNEIGN Í BYKO



2. VINNINGUR

42" sjónvarp frá ELKO
að verðmæti 189.995 kr.

Upplausn 1024x768 / Birtustig 1500 cd/m² / Skerpa 20.000:1 (Dynamic) /
Viðbragðstími 1ms / Sjónarhorn 178° / HD Ready. LG 42PG3000 er 42" plasma tæki
með innbyggðum 2x10w hátölurum og stafrænum sjónvarpsmóttakara. 100 Hz,
DVB-T, Dual XD Engine, 3 HDMI og 20.000:1 skerpu.



3.-4. VINNINGUR

ZO ON útivistarfatnaður
frá Intersport
að verðmæti 75.000 kr.



INTERSPORT
ZO·ON
ICELAND

5.-10. VINNINGUR

Matarkarfa frá Krónunni
að verðmæti 25.000 kr.

KRÓNAN






SKRAUTLEGUR EIFFELTURN Flugeldar lýstu upp Eiffeltúrninn í París í fyrrkvöld þegar Frakkar héldu þjóðhátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Annað útboðið í vikunni: Selja íbúðabréf í ríkiseigu


VIÐSKIPTI Seðlabankinn hélt í gær útboð á hluta þeirra íbúðabréfa sem lögð voru fram til tryggingar verðbréfalánnum og ríkissjóður yfirtók síðastliðinn vetur. Alls bárust tilboð að fjárhæð 4.790 milljónir króna í hinn nýja flokk og var meðalávöxtunarkrafa bréfanna 3,89 prósent.

Í fréttatilkynningu frá Lána-sýslu ríkisins segir að Seðlabankinn muni selja íbúðabréfin í nokkrum skömmtum. Ákvörðun um selt magn muni ráðast af ávöxtunarkröfu á eftirmarkaði en öll bréf ríkissjóðs verða seld fyrir árslok. Þetta er annað útboð á ríkisskuldabréfum í þessari viku. Á mánudag var tilboðum fyrir um 40 milljarða tekið. Sá flokkur skuldabréfa var um tvöfalt stærri en sambærilegir flokkar sem var hleypt af stokkunum í vor. -bpa

Nýskráning nýrra og notaðra ökutækja



Skráð eigendaskipti



Nýskráningar ökutækja sjöfalt færri en árið 2006

Nýskráningar bifreiða hafa dregist saman um 85 prósent miðað við árið 2006. „Það er auðvitað algjört hrun á þessum markaði,“ segir framkvæmdastjóri FÍB. Fara þarf áratugi aftur í tímann til að finna svipaða sölu á nýjum bifreiðum. Eigendaskipti hafa ekki dregist jafnmikið saman, en þó um 28 prósent.

SAMGÖNGUR Nýskráningar innfluttra ökutækja, notaðra og nýrra, er tæplega sjöfalt minni fyrstu sex mánuði ársins 2009 en á sama tíma árið 2006. Árið 2009 hafa nýskráningar verið 2.819 fram til júlí en á sama tímabili voru þær 18.276 árið 2006. Þetta er um 85 prósent minnkun. Frá bankahruni hafa þær verið um þrjú þúsund. Í hugtakinu ökutæki eru öll skráð ökutæki, allt frá vélsleðum til vörubíla.

„Það er auðvitað algjört hrun á þessum markaði og sýnir í sjálfu

sér efnahagsástandið í hnotskurn,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Þó segir hann þetta sýna aðlögunarhæfni hjá almenningi að draga svona hratt úr neyslu.

„Þetta mun hins vegar skapa vandamál til lengri tíma af því að bílaflokkurinn mun eldast hratt og það gæti komið tímabil þar sem þyrfti að endurnýja bíla í miklu magni.“

Runólfur segir þó að það hafi komið smá kippur í sölu nýrra

bifreiða en júnímánuður var sá bjartasti frá því í júlí á síðasta ári. Þetta gæti skýrst af útsölum hjá umboðum sem og skráningum á bílaleigubílum, að sögn Runólfs.

„Ef árið myndi halda svona áfram verður innan við þrjú þúsund bíla sala á nýjum fólksbílum á árinu og við þyrftum að fara áratugi aftur í tímann til að sjá sambærilegar tölur,“ segir Runólfur en þegar hafa einungis um 1.500 nýir bílar verið nýskráðir það sem af er ári.

Eigendaskipti hafa ekki dregist

jafnmikið saman og nýskráningar. Þannig hafa verið tæplega 37 þúsund skráð eigendaskipti það sem af er ári en voru tæplega 51 þúsund árið 2006. Þetta er því um 28 prósent minnkun.

Ástæða þess að eigendaskipti dragast minna saman en nýskráningar er að fólk er í ríkara mæli að kaupa notaðar bifreiðar af hvert öðru í stað nýrra bifreiða af umboðunum, samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu.

vidirp@frettabladid.is

JONSSON & LEWYACIS · JULI · SÍÐA



Al-Jazeera á Vesturbakkanum:
Lokað var fyrir útsendingar

PALESTÍNA, AP Palestínustjórn lokaði í gær fyrir útsendingar arabísku sjónvarpsstöðvarinnar Al Jazeera á Vesturbakkanum.

Ástæðan er sú að í sjónvarpsþætti daginn áður hafði viðmælandi sakað Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, um aðild að dauða Jassers Arafat árið 2004. Arafat var áratugum saman einn helsti leiðtogi Palestínanna. Hann lést 75 ára gamall í kjölfar veikinda.

Lokunin gæti þó reynst Palestínustjórn hættuspil því að þessi sjónvarpsstöð hefur haft mikil áhrif á mótun almenningsálitsins í arabaríkjum. - gb

Sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi sammála um mikilvægi Vaðlaheiðarganga:

Segja Víkurskarð vera veðravíti á veturna

SAMGÖNGUR Sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi eru sammála um mikilvægi Vaðlaheiðarganga. Pétur Þór Jónasson, stjórnarformaður Greiðrar leiðar ehf., segir verkið tilbúið til útboðs.

Greið leið var stofnuð til að vinna að undirbúningi ganganna. Þeirri vinnu lauk árið 2007 og var allt tilbúið fyrir útboð þá, að sögn Péturs. Að mati Péturs er gerð ganganna mikilvæg.

„Yfir veturna er Víkurskarðið veðravíti. Austan úr Þingeyjarsýslu þarf fólk að sækja bráðabjónustu til Sjúkrahússins á Akureyri,“ segir Pétur.

Skýrsla var unnin árið 2005 af



PÉTUR ÞÓR BJARNASON



SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR

hagfræðingi hjá Háskólans á Akureyri og var niðurstaðan að göngin væru þjóðhagslega hagkvæm.

Ólína Arnkelsdóttir, sveitarstjóri í Þingeyjarsveit, segir mikilvægt

að ráðast í göngin þar sem þau stytti leiðir um 16 kílómetra. Guðbjartur Jónsson, fjármálastjóri Norðurþings og staðgengill sveitarstjóra, segir þau mikilvæg þar sem mikill straumur ferðamanna sé í kringum sumartíminn.

Svanfríður Inga Jónasdóttir, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar, segist sannfærð um mikilvægi ganganna. „Þetta er þjóðvegur eitt, fólk má ekki gleyma því.“

Árni K. Bjarnason, sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps, segir göngin umhverfisvæna framkvæmd. „Það er gríðarlega mikil umferð um veginn, sem er ekki gott fyrir landbúnaðinn.“ - vsp



VÍKURSKARÐ Austan úr Þingeyjarsýslu þarf fólk að sækja bráðabjónustu til Sjúkrahússins á Akureyri, til dæmis fæðingarþjónustu. Skarðið getur verið veðravíti á veturna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Innstæður í Kaupþingi:

Bresk sveitarfélög fá greitt

EFNAHAGSMÁL Samið hefur verið um að greiða fyrsta hluta innstæðna til breskra sveitarfélaga úr þrotabúi Kaupþings, Singer & Friedlander í lok þessa mánaðar. Greiðslan mun nema um 17,3 milljónum punda. Talið er að innstæður sveitarfélaga í Kaupþing, Singer & Friedlander hafi numið um einni billjón punda frá um 140 aðilum.

Í frétt á vefsíðunni Local Government Chronicle segir að samtök breskra sveitarfélaga (LGA) séu ánægð með að tekist hafi verið að fá svo stóran hluta svo snemma í ferlinu. Fjárhæðin nemur um tuttugu prósentum af heildarinnstæðum sveitarfélaga.

Kaupþing, Singer & Friedlander er einn fjögurra banka sem bresk sveitarfélög áttu innstæður í sem orðið hafa gjaldþrota undanfarna mánuði. - bpa



STYRKÞEGARNIR Anna Björk, Helga Kristín, Oddný, Berglind, Elmar og Arnar.

Fulbright-stofnunin á Íslandi:

Fimm fengu styrk

MENNTUN Fimm Íslendingar hlutu í ár styrk til framhaldsnáms í Bandaríkjunum frá Fulbright-stofnuninni á Íslandi. Námsmennirnir halda utan nú í sumarlok.

Þau sem hlutu styrk í ár eru Anna Björk Einarsdóttir, Arnar Björn Björnsson, Berglind Gísladóttir, Elmar Geir Unnsteinsson og Oddný Helgadóttir. Einnig hlaut

Helga Kristín Auðunsdóttir Cobb Fellowship, sem Fulbright-stofnunin veitir ár hvert til náms við Miami-háskóla.

Móttaka til heiðurs styrkþegunum var haldin á heimili Neil Klopfenstein, varasendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, hinn 19. júní síðastliðinn. - kg

TÖFRASTUNDIR
VISA Í SUMAR

NOTAÐU FREKAR VISA

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ Á HVERJUM DEGI!

100 stórglæsilegir ferðavinningar að verðmæti yfir 4.000.000 kr.

VISA

www.valitor.is

Kringlan

Opið til 19
NÝTT KORTATÍMABIL

Útala!

Úllen, dúllen, doff, kikke, lane, koff...

Komdu í heimsókn



FYRIRFERÐARMIKIL BYRÐI Þyngdin á þessari byrði sem hesturinn þarf að draga er ekki í samræmi við fyrirferðina. Þarna er verið að flytja tóma plastbrúsa og tunnur í Amrítars á Indlandi.
NORDICPHOTOS/AFP

Sonia Sotomayor:

Engin svör um fóstureyðingar

BANDARÍKIN, AP Repúblíkanar í öldungadeild Bandaríkjanna hafa ítrekað reynt að fá Soniu Sotomayor til að svara spurningum um afstöðu hennar til fóstureyðinga.



SONIA SOTOMAYOR

Hún vill þó engu svara því að þau dæmi sem nefnd hafa verið gætu komið til kasta hennar síðar í hæstarétti.

Barack Obama útnefndi hana sem dómara í hæstarétti, en öldungadeildin þarf að staðfesta útnefninguna. Yfirheyrslur yfir henni hófust í byrjun vikunnar.

Hún vildi heldur engu svara um afstöðu sína til vopnæignar í Bandaríkjunum. -gb

Mímír – vináttufélag Vesturbæjar stendur fyrir söfnun meðal Reykvíkinga:

Nýtt fiskabúr í anddyri Vesturbæjarlaugar

SAMFÉLAGSMÁL Söfnun fyrir nýju fiskabúri í Vesturbæjarlaug hófst í síðustu viku en stórt og mikið fiskabúr var í anddyri laugarinnar til ársins 1985. Félagið Mímír – vináttufélag Vesturbæjar stendur fyrir söfnuninni.

„Við höfum verið að ræða hvað betur megi fara í Vesturbænum. Vesturbæjarlaugin er nafli Vesturbæjarinnar og því ákváðum við að gera þetta,“ segir Einar Gunnar Guðmundsson, einn forsprakka Mímís.

„Þetta var stórt og veglegt búr sem setti mikinn svip á þetta anddyri. Lykilatriðið í þessu máli er að þetta er afturhvarf til góðra gam-

alla gilda þar sem íbúar létu nær- umhverfi sitt varða sig.“

Ekki er þetta í fyrsta sinn sem safnað er fyrir fiskabúri í Vesturbæjarlaug en Gísli Halldórsson, arkitekt og þáverandi borgarfulltrúi, stofnaði félag til að safna fyrir fiskabúrinu.

„Í ljósi ástandsins er þetta lítið og krúttlegt mál sem Reykvíkingar allir ættu að láta sig varða,“ segir Einar. Söfnunin stendur til 15. september og hægt er að hringja í síma 901-5005 (500 kr.), 901-5006 (1.500 kr.) og 901-5007 (2.500 kr.) til að leggja söfnuninni lið. Einnig er hægt að leggja inn á reikning 0311-26-54050, kt. 540509-1070. -vsp



EINAR GUNNAR Það ríkir þverpólískt sátt um þetta litla og krúttlega mál, að sögn Einar. Hér sést Einar ásamt syni sínum Hlyni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Javier Solana, utanríkismálafulltrúi ESB:

Telur rétt að viðurkenna Palestínuríki

BELGÍA, AP Javier Solana, utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins, segir að Sameinuðu þjóðirnar ættu að gefa út einhliða viðurkenningu á sjálfstæðu ríki Palestínunnanna á Vesturbakkanum og Gasa, ef samningaviðræður Ísraela og Palestínunnanna renna út í sandinn eina ferðina enn.

Solana sagði þetta í ræðu í London nú um síðustu helgi, og vill með þessu auka þrýsting á Ísraela.

Avigdor Lieberman, utanríkisráðherra Ísraels, gaf lítið fyrir þessi ummæli.


Solana sagði að milligöngumenn, sem eru að reyna að fá Ísraela og Palestínumenn aftur að samningabörðinu, ættu að setja þeim lokafrest. Hann sagði að Öryggisráð



JAVIER SOLANA
Telur nauðsynlegt að beita Ísrael auknum þrýstingi.
NORDICPHOTOS/AFP

Sameinuðu þjóðanna gæti síðan lýst yfir stuðningi við tveggja ríkja lausn og bjóða Palestínuríki velkomni sem fullgilt aðildarríki að Sameinuðu þjóðunum ef viðræður skila engu.

Christina Gallach, talskona Solana, sagði yfirlýsingu hans ekki tákna stefnubreytingu af hálfu Evrópusambandsins, heldur væri þetta hans persónulega afstaða. -gb



HLUTHAFAFUNDUR

ICELANDAIR GROUP HF.

Hluthafafundur í Icelandair Group verður haldinn fimmtudaginn 6. ágúst 2009, kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica.

DAGSKRÁ:

- Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins. Svohljóðandi grein bættist við samþykktir félagsins sem verði 5. gr. a.:
Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé með eftirfarandi hætti:
 - Heimilt er að hækka hlutfé félagsins um allt að kr. 15.000.000.000 - fimmtán milljarða íslenskra króna - með áskrift nýrra hluta.
 - Heimild þessi rennur út þann 1. júlí 2010.
 - Nafnverð hluta sem hluthafar geta skrifað sig fyrir er ein króna. Heimilt er að ákveða áskriftargengi með almennu útboði nýrra hluta.
 - Hluthafar njóta ekki forgangsréttar til áskriftar.
 - Hluthöfum er heimilt að greiða fyrir þá nýju hluti sem þeir skrá sig fyrir með skuldajöfnuði að hluta eða öllu leyti, samkvæmt nánari skilyrðum sem stjórn ákveður. Ekki skal gerð sérstök sérfræðiskýrsla vegna greiðslu með skuldajöfnuði, en stjórn skal þess í stað útbúa greinargerð um verðmæti greiðslunnar, sbr. 6. gr. c. laga nr. 2/1995, um hlutfélög.
 - Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutfjár-hækkunarinnar. Stjórn skal setja nánari reglur um fresti til áskriftar og greiðslu hluta.
- Kosning stjórnar félagsins
- Önnur mál löglega fram borin

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til stjórnar félagsins, aðalskrifstofu á Reykjavíkflugvelli, skemmst fimm dögum fyrir fundinn. Í tilkynningunni skal greina nafn frambjóðanda, kennitölu, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutfjárþátttöku í félaginu, hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Óski hluthafi eftir að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum skal ósk hans komið skriflega til aðalskrifstofu félagsins sjö dögum fyrir fundinn.



HITAVEITA SUÐURNESJA Reykjanesbær mun kaupa landsvæði við Svartsengi af HS orku á 940 milljónir króna.

Sölunni á HS orku er lokið

Viðskipti Reykjanesbæjar og Geysis Green samþykkt í bæjarstjórn. Fulltrúi minnihlutans líkir samningunum við það sem gerist í löndum þriðja heimsins. Bæjarstjórinn telur samninginn afar hagstæðan.

STJÓRN MÁL Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur samþykkt að kaupa 32 prósent hlut Geysis Green Energy (GGE) í HS veitum og þar með á Reykjanesbær 66,75 prósent í fyrirtækinu. Kaupverðið er 4,3 milljarðar króna. Auk þess var samþykkt að selja GGE 34 prósent hlut Reykjanesbæjar í HS orku fyrir 13,1 milljarð króna. Hitaveitu Suðurnesja var skipt upp í tvö sjálfstæð fyrirtæki í vetur, HS veitur og HS orku. HS veitur annast dreifingu á rafmagni, hita og ferskvatni. HS orka annast orkuframléiðslu og raforkusölu.

„Ég kaupi ekki þau rök að það sé gott fyrir okkur að eiga auðlindir sem aðrir nýta. Þannig er þetta gert í þriðja heims löndunum,“ segir Guðbrandur Einarsson, bæjarfulltrúi minnihlutans í Reykjanesbæ. „Málið var hreinlega ekki nægilega þroskað til að hægt væri að taka ákvörðun um málið,“ segir Guðbrandur. Hann segir skritið að fulltrúar minnihlutans hafi ekki komið að undirbúningi málsins og að öll gögn hafi verið tilbúin þegar minnihluti bæjarstjórnar frétti fyrst af málinu þegar málið var tekið til afgreiðslu. Guðbrandur telur eðlilegt að það hefði verið farið í opið söluférlu og ráðist í sjálfstætt verðmat á virði fyrirtækjanna tveggja. Guðbrandur lýsti einnig yfir áhyggjum af því að þegar núverandi samningur rennur út getur GGE endurnýjað



ÁRNI SIGFÚSSON

GUÐBRANDUR EINARSSON

samninginn einhliða til 65 ára. Því sé bærinn að afsala sér réttindum til næstu 130 ára.

„Ég er mjög ánægður með þennan samning sem ég tel mjög hagstæðan fyrir bæjarfélagið,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar. Hann segir að málinu sé lokið frá þeirra hlið en það séu ákveðnir fyrirvarar í samningnum sem þurfi að uppfylla. Árni segir meðal annars að núverandi eigendur hafi forkaupsrétt á hlutum sem seldur sé til GGE. Hann telur þó afar ólíklegt að einhverjir af þeim hafi áhuga eða bolmagn til að fjárfesta í fyrirtækinu.

Einnig var samþykkt að Reykjanesbær keypti land og auðlindarétt sem áður var í eigu HS orku. Landið sem um ræðir er við Svartsengi og var kaupverðið 940 milljónir króna.

Samningarnir voru samþykktir með 7 atkvæðum Sjálfstæðisflokks gegn 4 atkvæðum A-lista.

bta@frettabladid.is

Nokia N97

SALA HEFST Í DAG!



Í dag hefst sala á nýjasta flaggskipi Nokia hjá öllum helstu söluaðilum farsíma á Íslandi. Í **Nokia N97** er að finna flest það nýjasta í farsímaheiminum í dag, t.d. lifandi Facebook uppfærslur á biðskjá. Allar aðgerðir fara fram á stórum snertiskjá en einnig er útdráglegt lyklaborð undir símanum. **Nokia N97** er öflugt margmiðunartæki sem býður uppá allt það besta sem fáanlegt er í einum farsíma.



- ▶ 3,5" widescreen 16:9 snertiskjár
- ▶ QWERTY lyklaborð
- ▶ 5 megapixla myndavél með Carl Zeiss Tessar linsu
- ▶ Öflugur tónlistar- og videospilari
- ▶ 32 gígabæta innbyggt minni
- ▶ Minnskortarauf fyrir allt að 16GB minnskort
- ▶ Symbian S60 5th Edition stýrikerfi
- ▶ GPS og A-GPS staðsetningar- og leiðsögukerfi
- ▶ Mail for Exchange og P03 tölvupóstlausnir

www.nokia.com/n97


Hátækni

Umboðsaðili Nokia á Íslandi

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



40%
AFSLÁTTUR

ALI FERSKUR HEILL KJÚLINGUR
40% AFSLÁTTUR 599 KR./KG. MERKT **998 kr./kg.**



40%
AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2798 KR./KG. **1679 kr./kg.**



K.S FROSID LAMBALÆRI
1078 kr./kg.



K.S LAMBALÆRI OG LAMBAHRYGGUR
FRYSTIVARA **1359 kr./kg.**



FERSKUR

KJÖRFUG
MERKT VERÐ 599



898
BÓNUS KRYDDLEGNAR GRÍSALÆRISSNEIÐAR **898 kr./kg.**



1598
ÍSLANDSNAUT GRILL NAUTAKÓTILETTUR
MERKT VERÐ 1998KR./KG. 20% AFSLÁTTUR **1598 kr./kg.**



FRISSI FRISKI



898
ALI GRÍSASNITSEL **898 kr./kg.**



898
ALI GRÍSAGÚLLAS **898 kr./kg.**



259
EIN-NOTA GRILL **259 kr.**



398
TILBOÐSBORGARAR
4 stk m/brauð **398 kr.**

BONUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 - 18.30



NÝTT KOR

BONUS BONUS BONUS BONUS



40%
AFSLÁTTUR

ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2998 KR./KG. **1798 kr./kg.**



40%
AFSLÁTTUR

HOLTA PERSKAR KJÚKLINGABRINGUR PIRI-PIRI
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2664 KR./KG. **1598 kr./kg.**

HEILL KJÖRFUGL



479

HEILL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
20% AFSLÁTTUR **479 kr./kg.**



159

MYLLU SAMLOKUBRAUÐ
770g **159 kr.**



298

MYLLU VÍNARTERTA
298 kr.stk.



298

BÓNUS XL KLEINUR
6 STK. **298 kr.**



98

PYLSUBRAUÐ 5 STK **98 kr.**



198

BÓNUS KLEINUHRINGIR 2 STK **198 kr.**
SÚKKULAÐI OG KARAMELLU



198

CONSUL BANANAR 1. FLOKKUR **198 kr.**



69

FRÍSSI FRÍSKI
3 STK. 250 ml **69 kr.**



298

DANSKT GULLKAFFI
500g **298 kr.**



359

GRANDOS INSTANTA
KAFFI 100g **359 kr.**



89

89 kr. 1/2 ltr.



69

69 kr. 1/2 ltr.



TATÍMABIL

BONUS BÝÐUR BETUR



AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 - 18.30

Útgjöldin

Verð á kvensokkabuxum

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: SIGURBJÖRN BÁRDARSON HESTAMAÐUR

Sýndist vera glæsilegur gripur

Sigurbjörn Bárðarson hestamaður var eitt sinn á hestamannamóti fyrir austan fjall þegar að honum kom bóndi með þrjú hesta til reiðar og bauð til kaups.

„Mér leist vel á hestinum sem hann sat á,“ rifjar Sigurbjörn upp. Hann spurði bóndann út í hestinn og skoðaði jafnframt og sýndist hinn glæsilegasti gripur. Keypti Sigurbjörn hestinn dýru verði og flutti síðar í Víðidal og ætlaði að prófa hann þar.

„Þegar ég var kominn nokkra metra frá húsi þá kastar hesturinn sér niður með mig og leggst. Ég kom honum á ekki lappir fyrir en eftir röskan hálf tíma en hann lék þá sama leikinn og fór ég ekki lengra á hestinum. Ég hringdi í bóndann og spurði hann hvort hann hefði orðið var við þessar kenjar í hestinum. Svaraði hann mér um hæl: Ja, það var

þess vegna sem ég seldi hann!“ segir Sigurbjörn frá sínum verstu kaupum.


Haustið 1975 kom Sigurbjörn að Oddsstöðum í Lundarreykjadal í leit að toppgæðingum. „Bóndinn tjáði mér að hann ætti engan þannig hest heima við en að hann ætti einn slíkan sem hefði ekki komið af fjalli í haustleitum. Eitthvert sjötta skilningarvit kom niður í koll mér og ég varð mjög áfjáður í að eignast þennan týnda hest en bóndinn var mjög tregur að selja. Tókust þó með okkur kaup eftir langt þóf og seldi hann mér hestinn á liðlegu slátrahúsværði. Reyndist hann einn mesti gæðingur sem ég hef eignast. Vann til allra æðstu titla og metorða. Á heimsmeistaramótinu 1979 seldi ég hann fyrir andvirði ríflega hálfra fjögurra herbergja íbúðar. Þetta var Garpur frá Oddsstöðum.“

GÓÐ HÚSRÁÐ
HEIMAGERT HNETUSMJÖR

■ Birgitta Jónsdóttir, skáld og þingmaður Borgarahreyfingarinnar, mælir með að fólk geri sitt eigið hnetusmjör.

„Það er hægt að spara sér mikinn pening með því að útbúa sitt eigið hnetusmjör.“ Ódýrt sé að kaupa hnetupakka í Bónus og skella í matvinnsluvél og þá sé hnetusmjörið tilbúið. „Hægt er að bæta við smá hráskyri ef menn vilja.“ Hún segir hnetusmjörið ekki einvörðungu ódýrara heldur einnig miklu betra.

Birgitta segir jafnframt sniðugt að bera extra virgin ólífuolíu á viðarborð sem ekki er búíð að lakka. Það hrindir frá ryki og óhrainindum auk þess sem það sé auðveldara að þrifa það.

Neytendur: Smávégis um gengi
Gengið getur verið flókið

DR. GUNNI
neytendur@
frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Eiður Arnarsson mátti til með að láta vita af raunum sínum: „Er á leið til Evrópu og ákvað að kaupa evrur. Keypti 1.000 evrur í Íslandsbanka og þegar heim var komið rak ég augun í að sölugengi Íslandsbanka á evrum var annað á heimasíðu en á viðskiptakvittun (178 kr á heimasíðunni en 182 kr á kvittun). Hringdi í þjónustuver og spurði hverju sætti. Fékk þau svör að 182 kr væri sölugengi seðla eða seðlagengi. Ástæða þess að ég keypti evrur var til að greiða minna fyrir evruna en ef ég notaði Visa því gengi gjaldmiðla hjá þeirri stofnun er herra en sölugengi bankanna á gjaldeyri. En viti menn. Visa gengið var 181 kr og er því lægra en þetta sölugengi seðla. Sparnaðurinn sem átti að felast í fyrirhöfninni, 4.000 kr, varð því að 1.000 kr útgjaldaauka. Skemmtilegt.“

Sé vel leitað á heimasíðum bankanna má finna öll tiltæk gengi. Klukkan 13 síðasta föstudag mátti sjá að almennt sölugengi evru var 179,61 kr., seðlagengi var 182,58, Visagengi var 184,86 og Mastercard-gengi 185,16. Samkvæmt þessu hefði Eiður sparað sér 2.280 kr með því að kaupa seðla í bankanum í stað þess að nota kortið. Ennþá meira hefði hann sparað með því að fara í ferðalagið fyrir tveimur árum. Þá var evran á 80 kall!

EVVAN Er á okurpris um þessar mundir.

■ Verðlag

Verðkannanir í Evrópulöndunum

ENA, net evrópskra neytendaaðstoða gerði nýlega verðkönnun á völdum varningi úr verslunum H&M, C&A, Zöru og Body Shop í 27 Evrópulöndum. Frá þessu er greint á síðu Neytendasamtakanna. ENA á Íslandi tók aðeins þátt í könnunum þegar kom að Zöru og Body Shop enda hinar verslanirnar ekki til á Íslandi. Miðað var við gengi evrunnar þann 13. maí, en gengið hefur breyst talsvert síðan þá.

Verð í Zöru á Íslandi er með því dýrasta sem gerist í Evrópu samkvæmt könnuninni. Til dæmis er venjulegur bolur fyrir konur dýrastur á Íslandi, rúmlega 22 evrur. Sami bolur er ódýrastur í Portúgal og kostar þar tæpar þrettán evrur. Sömu sögu er að segja af gallabuxum fyrir konur, þær kosta tæpar 20 evrur í Portúgal og tæpar 30 evrur á Íslandi.

Í Body Shop var verð á sturtusápu fyrir konur og karla meðal annars skoðað og kom í ljós að sápurnar voru báðar dýrstar í Svíþjóð, 14 og 15,5 evrur. Sturtusápa fyrir karla var ódýrust á Íslandi og kostaði 8,7 evrur. Sturtusápa fyrir konur var hins vegar ódýrust á Ítalíu þar sem hún kostaði átta evrur, en næstóðýrust var hún á Íslandi og kostaði þar 8,6 evrur.



FELLIHÝSI Ekki er hægt að leiga fellihýsi á minna en 40 þúsund krónur á vikuna. Ódýrast er það hjá Ásvideói á Dalvík. Fellihýsi kosta að minnsta kosti milljón. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Leiga á fellihýsi kostar minnst 40 þúsund á viku

Hægt er að leiga fellihýsi fyrir á milli 40 og 69 þúsund krónur á vikuna. Þrjú fyrirtæki sem áður leigðu út fellihýsi hafa hætt rekstri.

Leiga á fellihýsum er misdýr og er ódýrust hjá Ásvideói, tjaldvagnaleigu á Dalvík, af þeim sem rannsökuð voru. Þar kostar ódýrasta fellihýsið, með virðisaukaskatti (vsk.), 41.085 krónur fyrir eina viku. Ásvideó er með þrjú fellihýsi til leigu og það fer eftir ástandi og aldri fellihýsisins hvert leiguverðið er. Dýrasta fellihýsið, sem jafnframt er það best farna, er á 49.800 krónur með vsk. fyrir eina viku. Leigt er út frá fimmtudegi til fimmtudags.

Hjá Esjugrund ehf., bifvéla-verkstæði og allrahandaverslun, er hægt að fá fellihýsi í eina viku á 68.574 krónur með vsk. Einnig



TJALDSVÆÐI Fellihýsi voru vinsæl á tjaldsvæðum landsins í góðærinu. Nú eru að minnsta kosti þrjú fellihýsileigur hættar rekstri.

er hægt að fá fortjald með tjaldvagninum ef þess er óskað og kostar það 8.715 krónur aukalega með vsk. Fellihýsi með fortjaldi kostar því 77.289 með vsk. Þrjú fellihýsi eru til leigu hjá Esjugrund en fullbókað er hjá þeim í allt sumar.

Tjaldborg ehf., sem selur og leigir tjöld á Hellu, leigir út fellihýsi á 57 þúsund krónur á viku með vsk. Aðeins er leigt út eitt 9 feta fellihýsi. Fellihýsið er leigt út með fylgihlutum svo sem gaselda-

vél, gaskút, borði og þremur föstum bekkjum inni, sólarrafhlöðu og skyggi. Leigutíminn er frá fimmtudegi til miðvikudags. Einnig er hægt að leiga nýjan Combi Camp tjaldvagn á 38 þúsund á viku með vsk. með öllum fylgihlutum, eldavel, hitavel og öllum pakkanum.

Til samanburðar á leigu og kaupum á fellihýsi þá kostar ódýrasta fellihýsið hjá Seglagerðinni Ægi tæplega 1,7 milljónir. Ódýr og notuð, vel með farin fellihýsi, kosta í það minnsta 750 þúsund krónur á netinu.

Þrjú fyrirtæki sem haft var samband við, sem auglýstu sig sem fellihýsileigur, höfðu hætt rekstri. Eitt hafði hætt leigu á fellihýsum en heldur sig við leigu á hjólhýsum og húsbílum. Eitt fyrirtæki, fellihýsileigan MJE, vildi ekki taka þátt í verðkönnunni vegna þess að lækka átti verð á leigunni og myndu upplýsingar um verð núna gefa ranga mynd. vidirp@frettabladid.is



KRYDDSMJÖR

gerir grillmat að hreinu lostæti!

NÝJAR
HANDHÆGAR
UMBÚÐIR



GÁMASALA

ALLT Á AÐ SELJAST

FULLUR GÁMUR AF GLÆNÝJUM
MONGOOSE ALVÖRU FJALLAHJÓLUM Á
ÓTRÚLEGUM VERÐUM!

AÐEINS Í ÖRFÁA DAGA

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

BESTU TILBODIN KLÁRAST FYRST!

ALVÖRU FJALLAHJÓL Á DÚNDUR VERÐI.

GAP

WWW.GAP.IS

FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7

S: 5200 200 • MÁN - FÖS. KL. 9-18. • LAU. KL. 11-16

MONGOOSE



LIAM GALLAGHER er með eigin tísku-línu sem kallast Pretty Green. Bróðir rokkarans, Noel Gallagher, hefur lýst því yfir að hann muni aldrei klæðast flik úr þeirri línu.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Eirberg

Viðurkenndar stuðningshlífar í úrvali



www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



Oxyal™ Augndropar

Við þurrki, þreytu og ertingu í augum. Hentar öllum, einnig fyrir þá sem nota linsur.

Fæst í apótekum



Álfhildi finnst þessi danski kjóll sem hún fékk fyrir stuttu mjög sumarlegur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Eirberg

Rafskutlur
-frelsi og nýir möguleikar

Einfaldar í notkun og hagkvæmar í rekstri



www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

Bjó í íþróttagallanum

Álfhildi Þásdóttur fannst best að vera í íþróttagallanum þegar hún var yngri og mætti í honum hvort heldur sem var á íþróttæfingar eða í jólaboðin. Með árunum hefur hún þó fengið meiri áhuga á tísku.

„Ég er í ferskjulituðum kjól sem ég fékk í Danmörku í síðustu viku. Mér finnst hann mjög fallegur og það er líka gaman að vera í einhverju nýju,“ segir Álfhildur Þásdóttir sem útskrifaðist frá Verzlunarskóla Íslands í vor. „Þetta er dönsk hönnun.“

Álfhildur segist þó frekar kaupa ódýrari föt en hönnunarvörur. „Mér finnst hönnun mjög flott en á ekki mikið af hönnunarflíkum. Ég kaup oftast eitthvað ódýrara því ég er þannig að ég get ekki verið í sömu fötunum mjög oft.“

Aðspurð segist Álfhildur fylgjast með tísku. „Það er mikið sem mótar mig. Ég er alltaf að skoða tískublöð

og netið til að sjá í hverju stjörnuarnar eru,“ upplýsir Álfhildur og heldur áfram: „Mér finnst skemmtilegast að vera í óvenjulegum fötum og núna sérstaklega einhverju röndóttu. Það má helst enginn vera í einhverju eins í kringum mig.“

Álfhildur hefur þó ekki alltaf haft áhuga á tísku því þegar hún var yngri þótti henni best að klæðast íþróttagalla hvert sem hún fór. „Ég var búin að búa í íþróttagallanum endalust en það breyttist í níunda bekk í Réttarholtskóla. Þá ákvað ég að ganga í strákagallabuxum í ullarsokkum sem ég setti yfir buxurnar og einhverjum fáránlegum peysum við. Mér fannst þetta mjög

flott. Í tífunda bekk varð ég meiri skvísá, öllum til mikillar gleði, þá fékk ég fyrstu þröngu gallabuxurnar og íþróttagallinn fékk að fjúka,“ segir Álfhildur brosandí og bætir við að í Verzló hafi tískuáhuginn tekið að mótast fyrir alvöru.

„Ég átti það til að eyða miklu í föt í Bandaríkjunum,“ segir Álfhildur en þangað fór hún síðasta sumar í málaskóla. „Það var mjög gaman að versla þar. Ég var alltaf að senda mömmu sms-skilaboð og spyrja hvort hún vildi ekki hitt og þetta. Hún sendi mig þá út í búð að athuga hvort skór sem hún fann á netinu væru ekki til.“

martaf@frettabladid.is

VIÐ ERUM FLUTTIR AÐ DALVEGI 16a

Við getum einnig séð um allar smáviðgerðir fyrir þig, við skiptum um bremsuklossa, rúðupurrkublöð, ljósaperur ofl.



Shell **HELIX**



Smurstöðin Stórahjalla ehf. - Dalvegi 16a - 201 Kópavogi - Sími: 554 3430 - www.smurstodin.is

TÍSKA

EMMA WATSON veur verðskuldaða athygli tískuheimsins þessa dagana. Hún kynnr nú nýjstu mynd sína um Harry Potter ásamt þeim Daniel Radcliffe og Rupert Grint. Hún stelar þó jafnan sviðsljósinu enda þykir hún hafa þróast úr vandræðalegum unglingi í tískumeðvitaða fegurðardís á örskömmum tíma.



teg. 11001 - frábær og heldur vel í CDEF skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-



teg. 4457 - íþróttahaldrinn svínsæli í BCD skálum á kr. 3.950,- aðhaldsbuxur í stíl á kr. 2.650,-

MISTY

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - www.misty.is
Opíð mán.-fös kl. 10-18
Lokað á laugardögum í sumar



Þvottavél
Toppítladín
- 10 kg -

Þurrkari
- 10 kg -

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c - 201 KÓPAVOGI
SÍMI 558 8411 - RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Litla dúfan flýgur af stað

Kjólur, sjöl, kragar og töskur eru meðal þess sem Litla dúfan á Hverfisgötu 103 í Reykjavík hefur upp á að bjóða. Þar eru á ferðinni hönnunarrörur þriggja íslenskra stúlkna.

„Þetta er vinnustofa með sölusvæði. Við erum að láta hlutina vaxa eðlilega,“ segir Lilja Dröfn Dagbjartsdóttir um Litlu dúfuna sem er við hliðina á Nexus.

Lilja Dröfn er ein af dömunum þremur sem hafa komið dúfunni á flug. Hinar eru fatahönnuðir Lena systir Lilju og Guðrún Guðjónsdóttir. Lilja Dröfn er skóhönnuður sem hefur snúið sér að töskugerð á síðustu dögum og finnst það spennandi.

„Ég geri hverja og eina tösku fyrir sig og bý þær til úr gömlum útsaum og leðri,“ útskýrir hún. Lena er meira í kjólasaumnum og er líka að koma með sjöl og Guðrún hannar kraga, hárskraut, buxur og peysur.

„Við höfum ekki efni á að hafa posa strax þannig að við getum ekki tekið kort,“ tekur Lilja Dröfn fram og bætir við: „Við tökum hlutina kreppuleiðina og athugum hvort þeir gangi ekki upp.“

gun@frettabladid.is



Lilja Dröfn rekur vinnustofuna ásamt Lenu systur sinni og Guðrúnu Guðjónsdóttur.



Kragi eftir Guðrúnu Guðjónsdóttur fatahönnuð.

Leðurtaska með pífu eftir Lilju Dröfn.

Svona kragi setur hátíðlegan blæ á hvaða flik sem er. Hann er eftir Guðrúnu Guðjóns.

Taska úr leðri, skreytt með útsaumi. Hönnun Lilju Drafnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics



SÖLUSTADIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Plokkari með ljósi



VICTORIA'S SECRET

Mínum á vefverslunina

kristy.is

Kristy sf | Skúlagötu 13 | 310 Borgarnesi | tel/fax. 437 1234

Flexitol Heel Balm

NÝTT
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flexitol

Flest í apótekum, fótaaðgerðastofum, snyrtistofum og öðrum verslunum.

FLOTT Í SUMAR...
með Slendertone
dömu/herra belti

NÝTT
Flex Max kr. 24.900,-
Flex kr. 19.950,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 968 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - fri heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Auglýsingasími

512 50 50

TAX FREE

Fimmtudag til mánudag
Stærsta töskuverslun landsins.



Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París



Að spara aurana eða kasta krónunum

Hátíkusýningunum lauk í síðustu viku og var mikið um dýrðir þrátt fyrir að sum tískuhús spóruðu með því að sýna í eigin salarkynnum eins og Dior eða sýndu aðeins örfáar flíkur eins og Christophe Josse, fjórar kvenfyrirsætur og fjórir karlar. Hjá Martin Margiela er það enn og aftur endurvinnsla sem einkennir hönnunina, svo sem pennalok á smóking eða teinar úr hjólum í bóleró. Sýning Lacroix tókst vel en var tilfinningabrunnin þar sem hún gæti verið sú síðasta, þó að hinn nýi menningarmálaráðherra, Frédéric Mitterand hafi lýst því yfir að hann vilji bjarga Lacroix.

Svo eru það þeim sem eru algjörlega í hinum öfgunum og leggja meira en nokkur sinni í flottheit og spara í engu til þess að draumurinn lifi. Þetta á við um tískuhús Chanel sem líklega átti glæsilegustu hátíkusýninguna að þessu sinni þó auðvitað megji deila um hversu frumlegir kjólar Karls Lagerfeld úr þunnum silkiefnum með útsaumum blómum eru, líkt og ríki þegjandi samkomulag um að hrósa hönnuninni þó sumir segi að Lagerfeld fari í hringi og endurvinni það sem áður hefur verið gert hjá Chanel án mikilla nýjunga. Aðal tískupennarnir fá enda reglulega nýja tösku senda frá tiskuhúsinu. Samkvæmt forstjórnum hljóðar eina reglan sem Lagerfeld þarf að lúta svona: „No limit“, engin takmörk,

hvort sem um er að ræða sköpun eða umgjörð um tískusýningarnar.

Á sviðinu að þessu sinni mátti sjá risastórar ilmvatnsflöskur, að sjálfsögðu Chanel 5. Tískuhúsið hefur smám saman keypt upp handverksfyrirtæki, sérfræðinga á sínu sviði, eins og í útsaumi, skógerð og fleiru og þannig tryggð aðgang sinn að því besta. Það hlýtur sömuleiðis að vera auðveldara að spila úr þeim fjármunum sem Chanel halar inn meðal annars með ilmvatnssölu eða handtöskum en hin klassíska bólstraða Chanel-taska hefur hækkað um fimmmhundruð evrur síðan 2006. Hver einasta kona sem getur leyft sér að kaupa finar töskur byrjar oft á einni frá Chanel. Uppsprettan er því nánast ótæmandi þrátt fyrir samdrátt.

Áður voru það helst viðskiptavinir frá Bandaríkjunum sem keyptu hátísku en sá markaður hefur mikið dregist saman í kreppunni og það sama má segja um Evrópu. Hins vegar er ekkert lát á þegar að kínverskir viðskiptavinir eru annars vegar og það sama má segja um fleiri Asíulönd svo sem Indland. Reyndar segir forstjóri Chanel að yngsti viðskiptavinur hátískunnar sé kínversk tuttugu ára kona.

Kaupendur hátísku eru milli tvö og þrjúhundruð í heiminum í dag og því fáir sem hafa aðgang að þessum þröngu klúbbi. Hins vegar hefur hún mikið gildi fyrir ímynd tiskuhúsanna. bergb75@free.fr



Söngkonan Rihanna skartar flottum leggjum í háum stígvélum á sviði.

Háu stígvél-in snúa aftur

Há stígvél, svipuð þeim sem Julia Roberts gerði fræg í myndinni *Pretty Woman*, þykja heit í dag.

Níðþröng há stígvél eru það sem koma skal. Í það minnsta hefur tiskuhéimurinn tekið andköf yfir myndunum af leikkonunni Rachel Weisz í nýjustu útgáfu tímaritsins Harper's Bazaar. Þar liggur hún í sófa íklædd háum svörtum stígvélum eftir Alexander McQueen.

Slíkan skóbúnað var einnig að sjá á tiskupöllum í Milanó, New York, London og París þar sem sýnd var tiskan fyrir haustið og veturinn.

Fína og fræga fólkíð var ekki lengi að taka við sér. Söngkonan Rihanna hefur sést í slíku skótauvi bæði á sviði og utan þess, Miley Cyrus skartaði slíkum skóm við stuttbuxur en Madonna var þó að venju á undan öllum öðrum á sviði tískunnar en hún sást í slíkum stígvélum strax í maí.



Rachel Weisz í Harper's Bazaar.

Útsala
Ótrúlegt úrval af yfirhöfnum

hjá Hrafnhildi

- Engjateigi 5
- Sími: 581 2141
- www.hjahnildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 10-16

Útsalan er hafin

30-50% afsláttur

belladonna

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

ÚTSALA

MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR

SKÓLAVÖRDUSTÍG 6B
SÍMI 562 6999

Skór frá GULL Í GRJÓTI
Skólavörðustíg 4

Flottar stórar stelpur

Tískulínan Beth Ditto kemur í verslun Evans í Kringlunni eftir viku.

Beth Ditto er bandarísk söngkona hljómsveitarinnar Gossip. Hún hefur vakið athygli fyrir líflegan og athyglisverðan persónuleika auk þess sem fatastíll hennar þykir flottur. Ditto gerði samning við tiskufyrirtækið Evans um að hanna fót fyrir verslanir þess. Í Evans er lögd áhersla á stærri stærðir fyrir konur með mjúkar línur. Nýja línan kemur í verslun Evans í Kringlunni í dag.

Fötin endurspeglar litríkan persónuleika Ditto. Þau eru glaðleg og litaglöd og fást í stærðunum 14 til 32. Ditto er enda ekki kona sem felur vöxtinn á bakvið svartar mussur, heldur sýnir frjálsglegar línur sínar af mikilli gleði. Sjálf segist Ditto hafa reynt að hugsa út fyrir kassann í hönnun sinni og vonast til að fá stórar konur með sér út úr kassanum. Ditto starfaði náið með aðalhönnuði Evans, Lisa Marie Peacock, til að hanna línu sem væri bæði klæðileg og skemmtileg.

Sett hefur verið á laggirnar vefsíðan bethdittoatvevans.co.uk þar sem hægt er að skoða fötin úr línunni og nálgast nýjasta slúðrið um söngkonuna gerðarlegu.



Beth Ditto er litríkur persónuleiki og fötin hennar bera keim af því.



Útsalan í fullum gangi

Verið velkomnar

Fröken Júlía
Mjódd, sími 557 5900

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

landið mitt ísland

FIMMTUDAGUR 16. JÚLÍ 2009



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



 **ÚTIVIST**
Laugavegi 178. Sími 562 1000. www.utivist.is

*Fjölbreyttar sumarleyfisferðir
með Útivist í sumar. www.utivist.is*



Hörð keppni verður á Íslandsmóttinu í hestaþróttum enda til mikils að vinna.

MYND/ÚR SAFNI

Keppa í síðasta sinn fyrir heimsmeistaramót

Búist er við harðri keppni á Íslandsmóti fullorðinna í hestaþróttum sem hefst á Hlíðarholtsvelli á Akureyri í dag.

„Þetta er síðasti séns fyrir úrtökuna fyrir heimsmeistaramótið sem haldið verður í Sviss í byrjun ágúst og það eru fjögur sæti laus í landsliðinu, svo þetta verður hörkuspennandi,“ segir Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, mótsstjóri og vara-

formaður Hestamannafélagsins Léttis. Mótið hefst með fjörgangi á splunkunýjum velli félagsins og lýkur með lokahófi á laugardag.

„Það er til alls að vinna. Þeir þrjú hestar sem búnir eru að vinna sig inn á heimsmeistaramótið verða hér að keppa í síðasta sinn á íslenski grund svo það er um að gera að mæta og berja þá augum.“

-hd



Hátíðin hefst að venju á dorgveiðikeppni yngstu kynslóðarinnar.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Götur skipta um nafn

Bryggjuhátíð Drangness verður haldin í fjórtánda sinn um helgina. „Hátíðin verður með hefðbundnu sniði en við munum einnig brydda upp á nokkrum nýjungum,“ segir Jenný Jensdóttir, framkvæmdastjóri Bryggjuhátíðarinnar og oddviti Kaldrananeshrepps. Búist er við um 2.000 til 3.000 gestum.

Nýjasta uppkoman er sjósund sem verður þreytt frá Grímsey og í land. Ekki er þó ætlunin að keppa í sundi yfir sjóinn heldur verður þetta skemmtilegt sjósund fyrir þá sem vilja.

Hátíðin hefst að venju á dorgveiði yngstu kynslóðarinnar. Mörgum þykir sjávarréttasmakkið á frystihúsplaninu vera hápunktur hátíðahaldanna en það hefur verið haldið frá 1996. „Þar verða grillaðar og matreiddar ótrúlegustu kræsingar úr sjónum,“ upplýsir Jenný og nefnir meðal annars hrefnukjöt, selabollur og sel í teryakisósu. Þá verða einnig á boðstólum grillaðar grásleppur, grillaður saltfiskur, krabbi og annað sjávarfang.

„Skemmtilegt er að segja frá því að í tilefni Bryggjuhátíðarinnar munu allar götur og hús í sveitarfélaginu skipta um nafn. Götur heita eftir siglingaleiðum eins og til dæmis Grímseyjar-sund og Skerjaleið. Húsin fá nöfn eftir fiskimiðum, til að mynda Tangahryggur, Klakkur, Ponta og Fagurgala djúp,“ segir Jenný, sem sjálf mun þessa helgi búa í húsini Klakki við Rifleið.

Meðal annarra skemmtilegra uppkoma má nefna fuglahræðukeppni, vináttuleik í fótbolta milli Drangnesinga og Hólmvíkinga, brúðuleikhús fyrir börnin auk þess sem Sjonni Brink og Jogvan munu spila í Malarkaffi.

Um kvöldið verður dagskrá með Ragnari Torfasyni í Samkomuhúsinu. Að henni lokinni verður haldið niður að sjó þar sem kveiktur verður varðeldur og sungið þar til ballið hefst í Samkomuhúsinu en það verður hljómsveitin Ungmennafélagið sem spilar fyrir dansi.

-sg




Gunnar við mjólkurbíl frá Bægisá í Hörgárdal. Slíkir bílar voru líka notaðir til fólksflutninga. Margir tóku sér far með mjólkurbílum í kaupstaðinn og svo voru bílarnir notaðir í ballkeyrslur um helgar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

Vel geymd verðmæti

Glæsilegir fornbílar og gamlar dráttarvélar brosa við gestum í sýningarskála Samgöngusafns Skagafjarðar í Stóragerði. Bak við það stendur Gunnar Kr. Þórðarson bifvélavirki.

Gunnar á marga merkilega bíla og er að vinna við einn slíkan á verkstæðinu. Það er Diamond T Ppecial, módel 1931. „Þetta er einn þriggja bíla sem fóru á Evrópumarkað frá Ameríku. Gísli Guðmundsson, vörubílstjóri hjá Þrótti, keypti hann nýjan,“ fræðir hann blaðamann um og kveðst hafa fengið bílinn hjá syni Gísla. „Ég hef alltaf lítið á sérstaka bíla sem



Study Baker 46 módel. Fyrsti vörubíll Þórðar Eyjólfssonar, föður Gunnars, en hann var með vörubílaútgærð.



Samgöngusafnið hefur hlotið mikla athygli enda er auglýsingin við veginn góð.

menningarverðmæti þegar tíminn liði,“ segir Gunnar sem greinilega hefur lagt mikla elju í söfnunina. Honum sárnar þegar góð tæki fara í súginn. „Gömlu vega-vinnubílarnir fóru til dæmis illa þegar bændur klipptu þá í tvennt og bjuggu til hey-

vagna úr afturpartinum,“ nefnir hann sem dæmi.

Safnið í Stóragerði var opnað 2004 og Gunnar segir það hafa fengið góða aðsókn frá byrjun. Húsakosturinn er veglegur og mikið hefur verið notað við sýningargripina. Stöðugt bætist við og helst þyrfti að byggja nýjan sýningarskála að sögn Gunnars. „Mörg tæki þyrftu að komast í hús,“ segir hann. „Þau fara svo illa yfir veturinn ef þau standa úti.“

-gun

Spennt fyrir karamellukasti

Um átta hundruð keppendur eru skráðir á Nikulásarmótið í fótbolta í Ólafsfirði sem verður haldið í nítjándasta sinn helgina 17. til 19. júlí. „Það eru jafn margir og búa hér í bænum,“ segir Helga Ingimarsdóttir, varaformaður Leifturs, sem heldur utan um mótið. „Þetta byrjaði sem dagsmót en er nú orðið þriggja daga mót,“ útskýrir hún en á móttinu keppa börn á aldrinum fjögurra til tólf ára sem eru í 5., 6. og 7. flokki.

Börnunum fylgja foreldrar, systkini og jafnvel amma og afi og því býst Helga við að um 2.500 til 3.000 gestum í bænum.

Hátíðin hefst með skruðgöngu og setningu á föstudaginn klukkan 16. Svo hefst spilamennskan sem stendur yfir með hléum allt þar til móttinu lýkur á sunnudagseftirmiðdegi.

„Mikil skemmtun verður á laugardagskvöldið. Þá skemmta þeir Sveppi og Villi naglbitur,“ upp-



Um átta hundruð krakkar spila fótbolta af miklum móð á Nikulásarmóttinu í Ólafsfirði um helgina.

MYND/ÚR EINKASAFNI

lýsir Helga. Þá segir hún marga krakkana vera mjög spennta fyrir karamellufluginu árlega. Þá flýgur flugvél yfir svæðið og dreifir

karamellum og öðru slíkerfi. Nánari upplýsingar um mótið er að finna á vefsíðunni www.nikulas.is.

-sg

Borðum innanlands



Úr Náttfaravíkum. Frá landnámssiglingunni frá sænskum dögum í fyrra. Í bakgrunni sést þriggja mastra skúta sem sigldi með hvalaskoðunarbatum Norðursiglingar og heitir Activ.

MYND/HEIMIR HARDARSON

Þjóðlegir viðburðir

Sænskir dagar bresta á á Húsavík eftir helgina. Með þeim minnst heimamenn siglinga fornra kappá á opnum skipum um úfinn sjá og einkum Garðars Svavarssonar hins sænska sem fyrstur tók land á Húsavík. Þeir stefna að því að gera Húsavík að höfuðstað siglinga á Íslandi.

Á sænskum dögum eru margir þjóðlegir viðburðir í boði bæjarins. Handverksfólk sýnir vinnubrögð víða, námskeið verður í eldsmíði, tálgun og siglingum. Hádegisfyrirlestrar verða frá þriðjudegi til fimmtudags og lífandi tónlist öll kvöld á Gamla bauk og víðar. Tvær

sænskar kvikmyndir verða sýndar, Elsku Mio minn og Planet. Guðrún Gunnars mun syngja lög eftir Cornelis Vreeswijk í Hvalaskoðunarsafninu á fimmtudag og landnáms-sigling verður í Náttfaravíkum.

Þetta er bara upphitun fyrir bæjarhátíðina Mærudaga, sem hefst um aðra helgi. „Á sænskum dögum eflum við alþjóðleg tengsl en Mærudagar eru til að styrkja fjölskylduböndin enda eru 95 prósent atriða frá heimamönnum, eða fólki tengdu Húsavík.“ segir Röðull Reyrr Kárasón kynningarstjóri og bendir á tengil á www.norðurting.is

-gun

Miðaldir sóttar heim

Miðaldadagar á Gásum verða haldnir um helgina og standa þeir frá laugardegi til þriðjudags. Á hátíðinni verða kaupmenn og handverksmenn að störfum og gestir geta fylgst með og átt kaup við þá. Einnig er hægt að taka þátt í bogfimi, steinakasti og slöngvuvuðsfimi.

Gásir eru við Hörgárósa í Eyjafirði og þar eru varðveittar mannvistarleifar frá verslunarstað á miðöldum.

Dagskráin á laugardegi og sunnudegi stendur frá 11 til 17 en á mánudag og þriðjudag verður opnunartími styttri. Nánari upplýsingar á www.gasir.is

-mmf



Hægt verður að taka þátt í bogfimi á miðaldadögum á Gásum um helgina.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Starfsfólk Fuglasafns Sigurgeirs tekur vel á móti gestum.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Allir fuglarnir nema einn

Fuglasafn Sigurgeirs við Mývatn er skemmtilegur viðkomustaður fyrir þá sem ánægju hafa af fuglum.

„Við erum með tæp 300 stykki af uppstoppuðum fuglum í safninu, allar tegundir íslenskra fugla fyrir utan eina og eitthvað af erlendum fuglum líka. Hér er einnig veitingasala með útsýni yfir vatnið og fuglalífið,“ segir Stefania Stefánsdóttir safnvörður, en safnið var

opnað í glæsilegu nýju húsnæði í ágúst í fyrra.

„Þetta gengur ágætlega hjá okkur, það koma aðallega Íslendingar hingað en eitthvað af útlendingum líka. Fólk er duglegt að nota kíkjana og skoða fuglana,“ segir Stefania. Nýlega var kúluskít bætt í safnið en aðeins er hægt að sjá hann á Mývatni og í Japan.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni www.fuglasafn.is.

-hds

Fjölskylduparadís í Dýrafirði

...vikudvöl á viðráðanlegu verði!



Á Þingeyri er einstakt tjaldsvæði fyrir ferðalanga í húsbílum, hjólhýsum eða tjaldvögnum þar sem vikudvöl kostar aðeins 14 þús fyrir alla fjölskylduna! Jafnframt er boðið upp á íþróttanámskeið fyrir börnin alla virka daga fyrir aðeins 5 þús á barn. Samtals kostar vikudvölin því aðeins 24 þús fyrir 4ra manna fjölskyldu. Þá má ekki gleyma frábærum golfvelli, sem þú mátt nota að vild fyrir aðeins 5 þús á viku á mann (frítt fyrir börnin).

Náttúrfegurð í Dýrafirði er einstök og undirlendi meira þar en víðast hvar á Vestfjörðum. Hann er miðsvæðis á Vestfjarðakjálkanum og því stutt þaðan á aðra markverða staði. Mikil uppbygging í ferðaþjónustu hefur átt sér stað í Dýrafirði á síðustu árum, sem kemur flestum þægilega á óvart. Þar má nefna, veitinga- og kaffihús, fjölbreytta gistiþjónustu á gistiheimilum og á hótélum, kvöldvökur á víkingasvæðinu, siglingar á víkingaskipi, gönguferðir á slóðir Gísla Súrssonar, hestaferðir, sjóstangaveiði, silungsveiði, blakvelli, sundlaug, íþróttahús með líkamsræktaraðstöðu, fótboltavelli, vélsmiðjusaftn, frábærar gönguleiðir, o.m.fl.



Kannaðu málið, www.thingeyri.is

www.thingeyri.is

Ferðafélag Íslands

Sérferðir með Ferðafélagi Íslands

18. – 22. ágúst,
Arnarvatnsheiði með Sigrúnu Valbergs Surtshellir, gígur,
hraun, veiði, berjamó og síðsumarstemming.

3. – 6. ágúst,
Jarlhettuslóðir, Jarlhettur, Hagavatn, Skjaldbreið, Hlöðufell,
Klukkuskörð, Laugarvatn

4. – 9. ágúst,
Halló Bolungarvík – Reykjafjörður
Unglingaferð á Hornstrandir með Guðmundi Hallvarðssyni

Sjá nánar á www.fi.is



Skráðu þig inn – drífuðu þig út
www.fi.is



Rannsóknaboranir í Gjástykki, Þingeyjarsveit

Mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar

Landsvirkjun hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um rannsóknaboranir í Gjástykki, Þingeyjarsveit.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 16. júlí - 28. ágúst 2009 á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Þingeyjarsveitar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Landsvirkjunar, www.lv.is og Mannvits, www.mannvit.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 28. ágúst 2009 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást enn fremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun

Fasteignir

Bóas R Bóasson
Sölufulltrúi
Sími 699 6165
boas@remax.is



Þórarinn Jónsson hdl. Löggiltur fasteigna- og skipasali.



221,7 fm 5 herbergja einbýlishús með bílskúr á einni hæð í Hamradal, Reykjanesbæ tilboð óskast.. Skipti á minni eign koma til greina.

Bóas R Bóasson sími 699 6165

Bæjarlind 4, 201 Kópavogi - Sími 520 9500

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3001 • Fax 511 3009 • www.101.is • 101@101.is

OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN 16 JÚLÍ MILLI KL : 12:00-22:00
Eyjatún 9 – við Meðalfellsvatn.



Mjög fallett mikið endurnýjað heilsárshús með stórrí verönd á þrjú vegu. Húsið skiptist í : forstofu, gang, stofu, sólstofu, eldhús, 2 herbergi, svefnloft auk geymslu. Í bústaðnum er rafmagn og kalt vatn, nýr hitakútur. Lóðin er ca: 2500 fm leigulóð. Mjög vel staðsett eign á þessum vinsæla stað.

Stefán 895-8299 tekur vel á móti ykkur í dag milli kl : 12:00-22:00

Atvinna



Reykjavíkurborg
Frankvæmda- og eignasvið

Frankvæmda- og eignasvið auglýsir eftir aðstoðarmanni matreiðslumeistara í mótuneyti starfsmanna að Borgartúni 12-14 á sjöundu hæð. Um fullt starf er að ræða og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.



Starfssvið

- ▶ Matseld (heitur matur) og bakstur í samstarfi við matreiðslumeistara.
- ▶ Þátttaka í að skipuleggja matseðla.
- ▶ Innkaup á matvörum, áhöldum og tækjum.
- ▶ Umsjón með móttöku aðfanga.
- ▶ Þátttaka í afgreiðslu og framreiðslu á mat.
- ▶ Frágangur, eftirlit og þrif á tækjum og áhöldum.
- ▶ Eftirlit með vinnu/þrifum starfsmanna í eldhúsi og borðsal.

- ▶ Þekkingu og hæfni til þess að matreiða mismunandi tegund matar.
- ▶ Skipulagshæfni, nákvæmni og áreiðanleika í starfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi starfsmannafélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Halldór Halldórsson, matreiðslumeistari gudmundur.h.halldorsson@reykjavik.is og Þóra Jónasdóttir, starfsmaður mannauðsdeildar Þora.Jonasdottir@reykjavik.is, sími 411 1111.

Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Sveinsbréf í matreiðslu, matartæknir eða sambærilegt.
- ▶ Mikla reynslu í matargerð, framreiðslu og afgreiðslu í stóru mótuneyti.

Umsóknarfrestur er til 27 júlí nk. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is undir

„Störf í boði“ Aðstoðarmaður matreiðslumeistara.



Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2008/2009

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa

fyrir byggðarlagið Ólafsvík

Um úthlutunarreglur í ofangreindu byggðalagi vísast til reglugerðar nr. 557, 25. júní 2009 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2008/2009.

Þessar reglur er einnig að finna á heimasíðu Fiskistofu, www.fiskistofa.is. Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar. Umsóknarfrestur er til og með 30. júlí 2009.

Fiskistofa, 15. júlí 2009.



Auglýsing á sértækum starfsleyfisskilyrðum.

Með vísan til 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eða mengandi starfsemi, munu sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir neðangreint fyrirtæki liggja frammi hjá Þjónustuveri Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14, 1. hæð, frá 16. júlí til 16. ágúst 2009.

Fyrirtæki/gildistími starfsleyfis í árum	Almenn skilyrði	Sértæk skilyrði	Staðsetning
Svinabúið Brautarholti ehf./ 12 ár	X	X	Brautarholt, Kjalarnesi

Rétt til að gera athugasemdir hafa eftirtaldir aðilar:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félag og aðrir þeir sem málið varðar.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og sendast Reykjavíkurborg - Umhverfis- og samgöngusviði, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, í síðasta lagi 16. ágúst 2009.

VAKTSTJÓRI - BAÐVERÐIR

ÁLFTANESLAUG LEITAR AÐ STARFSFÓLKI MEÐ
FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTULUND, SAMSTARFSHÆFNI
OG VILJA TIL AÐ GERA VEL Í STARFI





VAKTSTJÓRI

- Umsjón og ábyrgð á öllu sem snýr að útisvæði og vaktherbergi
- Umsjón með vél- og myndavélabúnaði
- Starfsmannamál
- Ábyrgð á uppgjörum dagsins
- Verkstjórn

BAÐVERÐIR

- Móttaka sundlaugargesta
- Afgreiðsla á vörum laugarinnar
- Umsjón með búningsklefum
- Þrif



Starfsfólk mun sækja skyndihjálparnámskeið hjá Rauðakross Íslands.

Umsóknir um viðkomandi starf og ferilskrá sendist á david@alftanes.is fyrir 31. júlí 2009.

Nánari upplýsingar veitir David Trevor Park, forstöðumaður Alftaneslaugar, í síma 550 2353

Leiðin til framtíðar

UMRÆÐAN

Höskuldur Þór Þórhallsson skrifar um Icesave

Í umræðunni hafa komið fram málsmetandi einstaklingar sem halda því fram að þjóðinni beri að taka á sig drápsklyfjar skulda. Að aðrar þjóðir sem hafi lent í sambærilegum erfiðleikum og Íslendingar nú hafi tekist á við þá af þjóðarstolti og mætt heiminum sem heiðarlegir borgunarmenn. Þessar þjóðir séu fyrirmyndir. Þær beri höfuðið hátt. Þetta sé leiðin áfram.

Ég er sammála þeim sem halda því fram að við eigum að bera höfuðið hátt. Það gerðum við í



HÖSKULDUR ÞÓR-
HALLSSON

þorskastríðinu og höfum gert hingað til sem sjálfstæð fullvalda þjóð. Ég er einnig sammála þeim sem segja að við eigum að borga skuldir okkar. Það vefst ekki fyrir mér.

Vandinn er hins vegar sá að Íslendingar hafa aldrei í Icesave-deilunni mætt öðrum þjóðum uppréttir. Við höfum látið Hollendinga og Breta beygja okkur frá upphafi og því miður virðist svo vera enn. Þá hafna ég því algleglega sem Íslendingur að þjóðinni

sé gert að greiða umfram það sem hún er lagalega skuldbundin til að greiða.

Ég hef ekki heyrt því haldið fram, í hinni málefnalegu umræðu, að við ætlum ekki að standa við skuldbindingar okkar. Eins og Stefán Már lagaprófessor og Lárus Blöndal hrl. sem og hin virta breska lögmannsstofa Mishcon De Reya hafa ítrekað bent á, þá leikur raunverulegur vafi á því hvort Íslendingar eigi að greiða þá fjárhæð sem til var í hinum íslenska innstæðutryggingasjóði eða hvort þeim beri að greiða lágmarksgreiðslu skv. tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar eða 20.000 evrur. Uppréttur maður myndi að

sjálfsögðu láta reyna á þessa lagalegu óvissu. Síðan yrði að sjálfsögðu greitt skv. niðurstöðunni.

Í annan stað má líka nefna að ef við gefum okkur að Íslendingar séu skuldbundnir til að greiða lágmarksfjárhæð tilskipunarinnar eða hinar 20.000 evrur þá hljóta þeir uppréttu að staðnæmast þar. Neita að greiða meira. Það er hins vegar ekki raunin með Icesave-samningana. Bæði Hollendingar og Bretar hafa sett sérstaka klásúlu í samningana þar sem sérstaklega er víkið að því að bæði hollenski og breski sjóðurinn njóta sama forgangsréttar og íslenski innstæðutryggingasjóðurinn.

Þetta þýðir eins og Ragnar H. Hall hrl. hefur bent á og Eiríkur

Tómason lagaprófessor hefur tekið undir, að Íslendingar eru að greiða mun meira en hinar 20.000 evrur. Þvert gegn skýru ákvæði tilskipunarinnar sjálfrar. Hleypur sú fjárhæð á tugum ef ekki hundruðum milljarða íslenskra króna.

Við megum aldrei gefa eftir réttindi okkar sem fullvalda þjóð. Þess réttar njótum við til jafns á við aðrar þjóðir Evrópu. Ef við gefum þann rétt frá okkur þá gefum við eftir sjálfsvirðingu okkar og þjóðarstolt. Það er aðeins að því gefnu að Íslendingar standi í lappirnar að þeir geti borið höfuðið hátt. Það er leiðin til framtíðar.

Höfundur er alþingismaður.

Framsókn og Icesave

UMRÆÐAN

Lúðvík Gizurarson skrifar um Icesave

Það eru fáir sem vita það í dag að Hermann Jónasson, fyrrverandi forsætisráðherra, fór í landhelgisstríðið við Breta með aðeins eins atkvæðis meirihluta í þingflokki Framsóknar.



LÚÐVÍK GIZURAR-
SON HRL.

Greidd voru atkvæði um að færa út landhelgina í óþökk Breta og stóðu atkvæði jöfn þegar einn átti eftir að greiða atkvæði. Þetta eina atkvæði fékk Hermann

og dugði honum til að ákveða að fara í vopnaða styrjöld við Breta út af landhelginni. Eysteinn var í minnihluta. Hann vildi fara vægari leið.

Það þarf kjark til að fara í styrjöld við heimsveldi Breta með aðeins eitt atkvæði í meirihluta í sínum eigin þingflokki. Hermann hafði kjarkinn. Nú þurfa framsóknarmenn að hafa þann kjark að styðja allir sem einn samningana sem gerðir hafa verið um Icesave. Þarna skipta skoðanir einstakra þingmanna framsóknar engu máli. Tæpur helmingur þingmanna framsóknar var á móti Hermann þegar hann færði út landhelgina. Samt studdu þeir hann í þinginu. Allt fór vel að lokum, við fengum stærri landhelgi.

Núverandi samningar um Icesave eru í raun og veru björgunarhringur, sem hent er til okkar til að geta náð landi með fullum sóma eftir allt klúðrið með hrun bankanna. Icesave samningurinn er að vísu mögur sátt í bili, en skárri en feitur dómur sem hefði eyðilagt allt fyrir okkur í langan tíma eða mörg ár.

Eftir að hafa samþykkt Icesave sem er að vísu mögur sátt fyrir okkur Íslendinga þurfum við að fá vöruskiptasamning Barter við Rússa eins og þeir gerðu við okkur í þorskastríðinu. Bandaríkjamenn þurfa að opna okkur leið til að fá aðstoð frá Seðlabanka Bandaríkjanna. Við eigum það inni hjá þeim eftir hersetu þeirra hér í meira en hálfu öld. Vorum þá vinir. Meira um þetta seinna.

Annars eiga framsóknarmenn í dag að hafa kjark eins og Hermann í þorskastríðinu og samþykkja Icesave sem einn maður.

Síðan vinna Íslendingar sig út úr þessu sem einn maður og hætta að vera vælukjóar. Framsókn sýni kjark og styðji Icesave.

Svo verður haldið áfram á móti nýjum sigrum og hækkandi sól. Framsóknarmenn, samþykkjum Icesave. Það hefði Hermann gert í ljósi núverandi stöðu okkar og staðreynda málsins.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður.

NÝTT KORTATÍMABIL

Sumarútsala

Enn meiri
verðlækkun

Allt að
70%
afsláttur af völdum vörum

Rýmum fyrir nýjum vörum

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



20%
afsláttur
við kassa

lifetex
ENERGY YOU CAN FEEL.



20% AFSLÁTTUR

af LIFETEX hárvörum, VIVA hárlitum, JOHN FRIEDA hárvörum,
VEET háreyðingarvörum og COLGATE tannhirðuvörum



20%
afsláttur
við kassa



20%
afsláttur
við kassa



20%
afsláttur
við kassa



20%
afsláttur
við kassa



Gildir til 19. júlí á meðan birgðir endast.



Á FERÐALAGI



● **17.-18. júlí** Flúðir **Útilega Bylgjunnar**
24.-25. júlí Fjarðabyggð Franskir dagar o.fl.

Verslunarmannahelgin um land allt

7.-8. ágúst	Dalvík	Fiskidagurinn mikli
14.-15. ágúst	Rangárvöllum við Hellu	Sumarhátíð
21.-22. ágúst	Reykjavík	
28.-29. ágúst	Hveragerði	Blómstrandi dagar



BYLGJAN á ferðalagi Flúðir næstu helgi!

Bylgjan og Olís fara umhverfis landið á 80 dögum í sumar. Um hverja helgi leggjum við undir okkur nýjan áfangastað - byrjum í bítið á föstudagsmorgni og förum ekki fyrr en Hemmi og Svansí ljúka leik síðdegis á laugardegi. Við drögum vikulega úr potti Ævintýraeyju Olís og bregðum á leik með hlustendum Bylgjunnar um allt land.

Sjáumst hress í útilegu Bylgjunnar á Flúðum um næstu helgi!

FÖSTUDAGUR:

Í bítið
Ívar Guðmunds
Bragi Guðmunds
Reykjavík síðdegis

LAUGARDAGUR:

Hemmi Gunn og Svansí strax
að loknum hádegisfréttum

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON



KARLAR SEM HATA KONUR

MICHAEL NYQVIST NOOMI RAPACÉ
PETER HABER LENA ENDRE PETER ANDERSSON

Frumskýnd 24. júlí

Forsala hafin
á midi.is



NOKKUR ORÐ Vidir Smári Petersen

Nammipokakreppan í æsku

Nú í þessu árferði talar fólk um hvernig það finnur fyrir ástandinu; hvernig allt hækkar, launin standa í stað eða lækka. Námsmaðurinn ég, sem aldrei hefur tekið lán, ætla blessunarlega, lesenda vegna, ekki að eyða þessu plássi í blaðinu í væl yfir ástandinu heldur rifja aðeins upp góðar minningar.

Þegar ég var sjö ára, sem er kannski ekki ýkja langt síðan, skrapp ég vanalega út í búð á laugardögum og keypti mér bland í poka fyrir krabbapening. Dagarnir voru hátíðisdagar enda var pokinn troðfullur og entist manni fram eftir kvöldi og þar til maður sofnaði í sykursjóki. Eftir því sem árin liðu fór hins vegar töluvert að rýrna í nammipokanum. Minna fékkst fyrir krabbapeninginn,



pokinn var hálfullur og maður sofnaði í mesta lagi í sykursjóki. Sykursjóki var horfið.

Bráðum fór þetta meira að segja að vera það slæmt að það þurfti að fá hrognkelsispening hjá mömmu og pabba til að fullnægja sykursjókinu. Þetta var líka allt áður en búðir fóru að bjóða upp á 50 prósent afslátt á laugardögum. Með hrognkelsispeningnum gat maður í raun fengið það sem áður fékkst fyrir krabbann. Var þetta hið mesta leiðindamál enda var erfiðara að fá hrognkelsi hjá foreldrunum en krabba.

Einnig held ég að tæknin hafi skemmt svoltið fyrir bland í poka. Þegar ég fór inn í sjoppu og það um namma þá vigtaði afgreiðslumaðurinn venjulega ekki namma, heldur reyndi eftir bestu getu að telja. Maður fékk því oft namma í samræmi við talmagleggi afgreiðslumannsins. Í dag fæst í mesta lagi 3-5 nömm fyrir 50-kall.

myndasögur

■ Pondus



Eftir Frode Øverli

■ Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

■ Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

■ Kjölturakkar



Eftir Patrick McDonnell

■ Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SUMMAR TILBOÐ

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM



TJ65 FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ný og glæsileg fartölva frá Packard Bell með nýjasta Intel örgjörvanum og öflugu leikja skjákorti, hlaðin tengjum og aðeins 2.7KG

- Intel Dual Core T4200 2.0GHz - 45nm
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA hljóðlátur harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" Diamond View LED 16:9 skjár
- 512MB GeForce G105 öflugt skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Packard Bell

149.900
RÁÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN



500GB HDMI EDITION 1080i

Nýi Argosy HDMI margmiðlunarþilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, SCART, RCA, HDTV ofl. tengi

29.900
750GB AÐEINS 34.900

HDMI 1080i
NÆSTA KYNSLÓÐ
SJÓNVARPSFLAKKARA



24" LCD FULL HD 1080p SKJÁR

24" skjár frá BenQ með FULL HD 1080P upplausn ásamt Senseye tækni sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt.

- 24" FULL HD 1080P 16:9 LCD skjár
- 40000:1 Dynamic Contrast skerpa
- 2ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- VGA og DVI-D HDCP tengi
- Senseye tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

BenQ

49.900

100% ábyrgð á pixlum í nýjum skjám
100% PIXLAR
Fylgir öllum nýjum skjám í Tölvutek



5516 FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ný og glæsileg 15,6" fartölva frá Acer með 16:9 Cinema skjá fyrir hærra upplausn og betri mynd sem hentar í alla helstu vinnslu.

- AMD Athlon TF-20 1.6GHz örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" CineCrystal 16:9 skjár
- 512MB ATI Radeon X1200 skjást.
- 54Mbps þráðlaust net og netkort
- Kortalesari og aðeins 2.7KG
- Windows VISTA Home Basic

acer

79.900
RÁÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

HVERGI BETRA VERÐ



ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum stórum sem smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning/viðhald netkerfa
- Vírus og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverði!

2.990
HVER HAFIN KLUKKUSTUND



22" LCD PACKARD BELL

- 22" WideScreen LCD skjár
- 10000:1 Dynamic skerpa
- 5ms viðbragðstími í leikina
- 1680x1050 WideScreen
- VGA tengi og kapall fylgir
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

Packard Bell

29.900



MÚSARMOTTUR
MESTA ÚRVAL LANDSINS

NÝ LENT



TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

**GRÆDDU
Á GÖMLU**

NÚ GETUR ÞÚ SETT
GÖMLU FARTÖLVUNA
UPP Í NÝJA :)

> Í FÓTSPOR PAMELU

David Hasselhoff undirbýr nú breska útgáfu af hinum sígilda sjónvarpsþætti Strandvörðum. Hann vill fá brjóstgöðu fyrirsætuna Jordan til að taka við hlutverki C.J. Parker sem Pamela Anderson varð fræg fyrir. „Það er kraftur í henni og hún er með línurnar í lagi,“ sagði Hasselhoff.



fólk
folk@frettabladid

Sumarhóparnir kveðja í kvöld

Uppskeruhátíð skipandi sumarhópa Hins hússins, Vængjastútur, verður haldin hátíðleg í Ráðhúsi Reykjavíkur í kvöld. Þar geta gestir séð brot af því sem hóparnir hafa verið að starfa við undanfarnar vikur. Að sögn Ásu Hauksdóttur, deildarstjóra menningarmála Hins hússins, hefur sumarið gengið vonum framar og mikill fjöldi fólks fengið að njóta afrakstursins víða um bæinn. „Hóparnir hafa verið virkilega metnaðarfullir og faglegir í listsköpuninni þannig að þetta verður mjög fjölbreytt og flott dagskrá sem boðið verður upp á í kvöld og ég hvet sem flesta til að mæta.“

Hún segir marga sumarhópa halda samstarfinu áfram eftir að sumarstarfinu ljúki. „Það hefur

sýnt sig og sannað í gegnum tíðina að margir af okkar krökkum eiga eftir að halda áfram að gera sig gildandi í menningarlífinu hér og hefur fjöldi landsþektra listamanna nýtt sér sumarhópana sem stökkpall út í listalífið. Má þar meðal annars nefna Benna Hemm Hemm, Amiinu, Ilm Kristjánsdóttur, Stefán Hall og Björn Thors.“

Vængjastútur hefst stundvíslega klukkan 20.00 og er aðgangur ókeypis.

FLÖGRA BURT Sumarstarfi skipandi sumarhópa er nú lokið. Mönnum gefst þó færi á að líta hópana augum í Ráðhúsi Reykjavíkur í kvöld. Hér eru strákarnir í Agent Fresco.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Melchior saman á ný

Hljómsveitin Melchior heldur útgáfutónleika á Kaffi Rosenberg í kvöld til að fagna útgáfu þriðju hljómplötu sinnar. Þetta er í fyrsta sinn sem hljómsveitin kemur saman frá árinu 1978, en hún var stofnuð árið 1973. Hljómsveitin, sem leikur svokallaða stofutónlist, mun leika lög af nýttkomnum diskum en einnig nokkur lög af eldri hljómplötum. Söngkonan Helga Möller mun stíga á svið með Melchior í kvöld, en til gamans má geta að hún kom fyrst fram á hljómplötu með hljóms-



MELCHIOR Hljómsveitin lék síðast saman á tónleikum árið 1978.

sveitinni aðeins sextán ára gömul. Tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 21.00.

Innundir hjá pólitíkusum

Leyniþræðir um allt stjórnkerfið liggja til einhvers sérstæðasta og áhrifaríkasta félagsskapar Íslands. Hrutavinafélagið á Stokkseyri er tíu ára og fagnar því á Bryggjudögum á Stokkseyri um helgina.

„Jújú, Hrutavinafélagið eru samtök sem eru áhrifamikil í íslenskri pólitík. En við erum fyrst og fremst gleðigjafar tilverunnar. Hrutavinafélagið leggur upp úr veraldlegum verðmætum en ekki síður andlegum. Hinum mjúku gildum. Þjóðlegri menningararfleifi til sjávar og sveita. Það mun bjarga okkur úr kreppunni,“ segir Björn Ingi Bjarnason forseti Hrutavinafélagssins Örvars á Suðurlandi.

Hrutavinafélagið Örvavar er tíu ára um þessar mundir. Fer fyrir breiðfylkingu heimamanna á Stokkseyri og fagnar áfanganum á Bryggjudögum sem standa yfir nú um helgina. Hrutaviniirnir hafa aldrei farið í felur með pólitísk tengsl sem þeir leggja talsvert upp úr. Þannig er heiðursforseti félagsins Guðni Ágústsson fyrrverandi landbúnaðarráðgjafi og formaður Framsóknarflokksins. Hann lét ekki sitt eftir liggja og landbúnaðarráðuneytið styrkti félagsskapinn með ráðum og dád, þó ef til vill hefði það staðið menntamálaráðuneytinu nær. „Jújú, við söknum Guðna úr landbúnaðarráðuneytinu sem styrkti Hrutavinafélagið á sínum tíma í þeim framkvæmdum sem við höfum verið í. Meðal annars í sambandi við sviðið sem er á Stokkseyrarbryggju núna: Rammert tónleikasvið á bryggjunni.“

Stuðningur Hrutavinafélagssins við ýmsa stjórnmalamenn er þverpólitískur. Og víst er að stjórnmalamenn vilja vera í náðinni hjá hrutavinum en áhrif þeirra eru yfir allan vafa hafin. „Besta dæmið er þegar Guðni var kominn á dauðalistann á sínum tíma. Við mynduðum skjaldborg um Guðna sem komst í kjölfarið til æðstu metorða.“ Björn Ingi segir að þó Guðni sé kominn úr stjórnarráðinu sé enn gagn af honum að hafa. „Hann býr yfir



BJÖRN INGI OG ÁRNI JOHNSEN Á BRYGGJU-HÁTÍÐ Hrutavinafélagið Örvavar er áhrifamikill félagsskapur. Þræðirnir liggja um allt stjórnkerfið en innan þeirra vébanda eru Árni, Össur Skarphéðinsson, Guðni Ágústsson, Illugi Gunnarsson, Björgvin G. Sigurðsson og Bjarni Harðarson.



mikilli reynslu og það þarf alltaf að sækja í hana. Reynolds sem er eins og góð bankainnstæða sem hleður alltaf á sig vöxtum.“ Aðrir stjórnmalamenn sem eru innundir hjá Hrutavinafélaginu, og félagið þá hjá þeim, eru vitaskuld Árni Johnsen, sem hefur verið viðloðandi bryggjuhátíð alla tíð. „Krafturinn í Árna er meira virði en einhverjir peningar,“ segir Björn Ingi. Össur Skarphéðinsson telst einnig til innstu koppa í búi sem og Illugi Gunnarsson, Björgvin G. Sigurðsson og Bjarni Harðarson. Reyndar fór ekki vel fyrir pólitískum frama Bjarna en Björn Ingi segir að Hrutavinafélagið hafi ekki fengið við neitt ráðið – þar var um

að kenna draugum þar sem bakland Bjarna er einkum. „Það voru einhverjir draugar að djöflast í tökkum tölvu hans.“

Það stendur mikið til. Innsigla á hrutavinasamband við félagið á Vík í Mýrdal en þaðan kemur sendinefnd og hljómsveit þeirra Granít verður með bændaþátt á bryggjunni eftir varðeld og bryggjusöng Árna Johnsen. Hátíðinni lýkur svo á mánudag en þá verður farin afmælisferð í Garðinn. „Þar borðum við kæsta skötu með vinum okkar á Reykjanesi en eitt dæmið um áhrifamátt Hrutavina er að vinur okkar Ásmundur Friðriksson er orðinn bæjarstjóri í Garðinum.“

jakob@frettabladid.is

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

VILLTUR LAX
GLÆNÝ LÚÐA, SKÖTUSELUR
ÚRVAL FISKRÉTTA Á GRILLIÐ

Veljum íslenskt

opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00

Gorenje
ísskápur

Gorenje ísskápur RK60358DW

Hvítur.
Nýtanlegt rými kælis 230 l.
Nýtanlegt rými frystihólfs 86 l.
Hljóðstig 40 dB(A).
Bráðnunartími við straumrof: 18 klst.
Frystiget: 4 kg/dag.
Mál (BxHxD): 180x60x64 cm.

Verð **142.900**

RÖNNING
Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími 562 4011
Reykjavík • Nesbraut 9 • Sími 470 2020
Akureyri • Draupnigata 2 • Sími 460 0800

MURBÚÐARVERÐ

Chemfix teinalím 345 ml
1.385 kr.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

MURBÚÐIN
- Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - www.murbudin.is

Nei-tónleikar á Sódómu í kvöld

Hinir árlegu styrktartónleikar gegn kynbundnu ofbeldi, betur þekktir sem Nei-tónleikarnir eru í kvöld. Bloodgroup, Retro Stefson, Sometime, Me the slumbering Napoleon, Menn ársins, The Esoteric Gender og Man ásamt Louise og D.G. Pedrera777 tóðu upp á Sódómu Reykjavíkur. Listamennirnir gefa vinnu sína en tekið er við frjálsum framlögum við innganginn.

Atakið Karlmen segja nei við nauðgunum beinir helst sjónum sínum að verzlunarmannahelginni. Karlmen eru hvattir til að viðurkenna alvarleika nauðgana og taka þátt í umræðunni gegn kynbundnu ofbeldi. Tónleikarnir hefjast klukkan átta og standa til eitt.



ROKKAÐ GEGN NAUÐGUNUM Fjöldi hljómsveita spilar á Sódómu í kvöld á Nei-styrktartónleikum.



Síðustu dagar magnaðrar útsölu

Enn meiri verðlækkun. Allt að 70% afsláttur



heimilistæki -
eldhúsáhöld - borðbúnaður
klukkur - glös - ljósaseriur
ferðavörur - sumarvörur og
margt fleira á **25% - 35%**
- **50%** og **70%** afslætti.

Útsöluvörur og rýmingarsöluvörur.

Allur pakkinn!

byggtog**búid**

[www.byggto**g**buid.is](http://www.byggtogbuid.is)

Kringlunni
568 9400

Nýtt
kortatímabil

ALLTAF BETRA VERÐ

TOSHIBA FARTÖLVA

Toshiba Satellite PRO S300-100


1.8GHz Intel Core 2 Duo T5670 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 120GB harðdiskur
• 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator
X4500 skjákort • 3G móttal • Windows Vista Business ásamt XP Pro.



119.990

Philips SHM7410

20 - 20 000 Hz Neodymium
heyrnatöl með hljóðnema,
styrkstílli og „mute“ takka.
32 Ohm. 106 dB.



PHILIPS HEYRNARTÖL

6.990



LEIKJASTÝRI



Logitech Formula Vibration

Sýri og fótpedalar sem endurspeglar yfirborð með titringi.
Þrjár sögskálar fyrir borðplötu. Fjöldi stillitakka.

8.990



SanDisk MP3 SPILARI

Sandisk Clip 4GB

Agnarsmár MP3 SPILARI með 4GB innb. minni, diktatóni,
USB 2, hleðslurafhliðu með allt að 15 tíma spilun off.

12.990



WACOM TEIKNIBORD

Wacom Bamboo One

128x93 mm tölvuteikniborð með penna. Virkar fyrir
Windows 2000, XP, Vista og Mac OS X 10.3.9

12.990



UNITED 720/1080i

MEDIASPILARI

United HD MMP 9530

3.5" margmiðlunarspilari með HDMI,
Optical og Composite tengjum. Innb. SD/
MMC kortalesari og USB Uplink.

14.990



1 TB



MYBOOK FLAKKARI

WD Essential 2 - 1 Terabyte

1TB flakkari frá WD með hljóðlátum og um-
hverfisvænum WD Green hörðum disk. Slekkur
á sér um leið og tölvan og sparar þannig orku.

21.990



msi

SKJÁKORT

MSI ATI Radeon HD4850

1 GB skjákort. 1986MHz GDDR3 minni, 640MHz
kjarni. HDMI, 2 DVI Out, DUAL Link DVI off.

26.990

MEÐ
UPPTÖKU



HDMI

TVX

MEDIA SPILARI

Tvix R-3300

Margmiðlunarspilari með upptöku, HDMI, netkorti og
USB tengi. Spilar alla helstu mynd- og hljóðstaðla.

39.990

TÖLVU LISTINN

TL.IS

www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRDUR

NÓATÚNI 17
S: 414 1700

STRANDGÖTU 9
S: 414 1730

MÍÐVANGI 2-4
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1750

> Arnar og Bjarki hættir hjá ÍA

Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir eru hættir hjá ÍA en þeir voru spílandi þjálfarar liðsins. Þetta var ákveðið á stjórnarfundum í gær en Skagamenn sitja sem stendur í þriðja neðsta sæti 1. deildarinnar eftir að hafa fallið úr efstu deild síðasta sumar. Í tilkynningu á heimasíðu ÍA kemur fram að ákvörðunin hafi verið tekin af báðum aðilum með hagsmuni félagsins að leiðarljósi. Þórður Þórðarson, fyrstur markvörður ÍA og yfirþjálfari félagsins, mun stýra Skagaliðinu út tímabilið.



sport
sport@frettabladid.is

GUÐMUNDUR STEINARSSON: BÍÐUR EFTIR UNDIRSKRIFT FÉLAGASKIPTA Í LIECHTENSTEIN

Á góðri íslensku kallast þetta bara leiðindi

Forráðamaður Vaduz frá Liechtenstein hafa dregið það að skrifa undir félagaskipti þeirra Guðmundar Steinarssonar og Gunnleifs Gunnleifssonar. Báðir eru þeir að ganga á ný til liðs við sín uppeldisfélög, Guðmundur í Keflavík og Gunnleifur til HK í 1. deildinni.

„Þeir þarna úti eru að draga undirskriftina á félagaskiptum okkar. Þeir eru að teifa þetta og telja að við Gunnleifur höfum ekki gengið hreint frá borði, en við erum ekki sammála því. Þetta er í ákveðnum farvegi og tekur einhvern tíma en við erum með gott fólk að vinna í okkar málum, enda er rétturinn okkar megin,“ segir Guðmundur.

Félagaskiptagluggin hér á landi opnaðist í gær en næsti leikur Keflvíkunga er á laugardaginn þegar þeir heimsækja Íslandsmeistara FH. Næsti leikur HK er gegn IR á föstudag.

„Það sem þeir eru að gera þarna úti er í raun bara að vera með leiðindi. Sum félög gera þetta, draga það að skrifa undir. Þetta er



ekki beint ólöglegt en er síðlaust. Um leið og UEFA eða FIFA komast í málin vita félögin að þau hafa ekkert í hendinni. Við Gulli erum samt að reyna að leysa þetta eins og á að gera það.“

Vaduz féll úr úrvalsdeildinni í Sviss á nýafstöðnu tímabili. „Það eru einhverjir sautján leikmenn horfnir á braut frá þeim og við erum ekki þeir einu sem lenda í þessu. Eina sem við leikmenn gerðum af okkur var að falla. Það er einhver biturleiki í gangi, leiðindi heitir þetta bara á góðri íslensku. Það vantar heiðarleika og þeim finnst kannski auðvelt að gera þetta þar sem við erum langt í burtu og þeir þurfa ekki að horfa í augun á okkur,“ segir Guðmundur sem var markakóngur og valinn besti leikmaður Íslandsmeistarinn í fyrra. Eftir tímabilið hélt hann síðan í raðir Vaduz ásamt Gunnleifi. Hann segist vera bjartsýnn á að málin leysist fyrir helgina svo hann geti spilað gegn FH.

„Þetta hefst fyrir rest og ég hef fulla trú á því að þetta náist fyrir laugardag. Knattspyrnusambandið hérna heima er að þrýsta á þá punkta sem það getur.“



MEISTARI Pálmi hefur unnið tvo Íslandsmeistararitla með KR. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Tíu FH-ingar kjöldregnir af Aktobe

Íslandsmeistarar FH brotlentu 0-4 á heimavelli sínum gegn FK Aktobe frá Kasakstan í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í gærkvöld. FH-ingar voru nánast óþekkjanlegir í leik sínum og léku þar að auki einum leikmanni færri megnið af síðari hálfleik. Vonir FH-inga um að komast áfram eru litlar sem engar.

FÓTBOLTI „Við biðum afhroð í þessu leik. Þeir spiluðu okkur sundur og saman og létu okkur líta út eins og 3. deildarlið. Við urðum sjálfum okkur til skammar, félaginu og öllu því góða fóki sem kemur og styður við bakið á okkur leik eftir leik,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, ómyrkur í máli eftir 0-4 tapið gegn FK Aktobe á Kaptlakrikavelli í gær.

Leikurinn fór rólega af stað en FH-ingar virkuðu þó sterkari aðilinn á upphafsmínútunum. Það reyndist hins vegar skammgóður vermír því eftir því sem líða tók á fyrri hálfleikinn komust gestirnir í FK Aktobe betur og betur inn í leikinn og liðin skiptust á að sækja. FH-ingar voru annars mun varari um sig varnarlega en þeir eru vanir úr leikjum sínum í Pepsi-deildinni og lítið var um þá sóknartilburði sem einkennt hafa leik liðsins í sumar, enda mikilvægt að halda markinu hreinu í Evrópuleikjunum. Gestirnir áttu hættulegustu færi fyrri hálfleiks, fyrst þegar Daði Lárusson varði vel fasta aukaspyrnu á vítateigslínunni eftir að stundarfjórðungur var liðinn af leiknum og síðan þegar miðjumaðurinn Andrei Lavrik slapp inn fyrir vörnina, en skot hans fór langt framhjá marki FH.

Nokkuð var um harðar tæklingar í fyrri hálfleik og Lavrik mátti teljast heppinn að sleppa aðeins með gult spjald á lokaandartökum hálfleiksins þegar hann sparkaði greinilega í Matthías Vilhjálmsson, sem lá á vellingum eftir návíg á miðsvæðinu. Staðan var sem sagt markalaus þegar hálfleiksflautan gall.

Seinni hálfleikur byrjaði hins vegar vægast sagt skelfilega fyrir FH-inga því framherjinn



EKKERT GEKK HJÁ FH Í SEINNI HÁLFLEIK Leikmenn Aktobe frá Kasakstan fagna hér einu af fjórum mörkum sínum í seinni hálfleik en staðan var markalaus í leikhli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Murat Tleshev skoraði með skalla eftir sendingu af vinstri kantinum eftir þriggja mínútna leik í síðari hálfleik. Stuttu síðar dró aftur til tíunda þegar Viktor Örn Guðmundsson fékk að líta sitt annað gula spjald og þar með rautt fyrir meint brot á Lavrik og raun sorglegt að ágætur dómari leiksins hafi ekki séð í gegnum augljósan leikaraskap Lavriks.

„Við vissum alveg fyrir leikinn að þetta væri þannig lið sem myndi skutla sér í völlinn við minnstu snertingu en við töpuðum ekki leiknum út af dómgæslunni. Við vorum bara ekki nógu þéttir

varnarlega og alltof langt bil á milli varnar og miðju og miðju og sóknar. Við spiluðum bara virkilega illa og því fór sem fór,“ sagði Heimir svektur.

Gestirnir voru ekki lengi að nýta sér liðsmuninn og á 57. mínútu skoraði Konstantin Golovskoj annað mark FK Aktobe eftir vel útfærða skyndisókn upp hægru kantinn. Róðurinn var því orðinn þungur hjá tíu FH-ingum og hann þyngdist enn frekar á 70. mínútu þegar Marat Khajrullin lék á rangstöðugildru FH-inga, fór svo framhjá Daða og renndi boltanum í autt markið, 0-3 gestunum í vil.

Leikmenn FK Aktobe náðu að halda boltanum ágætlega innan liðs síns á lokakaflanum enda einum leikmanni fleiri og FH-ingum gekk illa að skapa sér marktækifæri. Leikmenn FK Aktobe voru hins vegar ekki hættir og fimm mínútur fyrir leiklok skoraði Golovskoj sitt annað mark í leiknum og fjórða og síðasta mark gestanna. Niðurstaðan var svekkjandi 0-4 tap hjá FH, gegn liði sem það ætti á góðum degi að vinna.

Staða FH er því vægast sagt slæm fyrir seinni leik liðanna sem fer fram í Kasakstan eftir tæpa viku. omar@frettabladid.is

Pálmi Freyr Sigurgeirsson:

Sótti um starf í Stykkishólmi

KÖRFUBOLTI Pálmi Freyr Sigurgeirsson hefur ekki ákveðið hvar hann ætla að spila næsta vetur en hann hefur leikið með KR undanfarin fjögur ár. Pálmi er að leita sér að vinnu og hún mun ráða því hvar hann spilar næsta vetur.

Þrjú félög hafa sýnt honum áhuga: KR, Snæfell og Breiðablik. „Þessi lið hafa reynt að aðstoða mig við að fá vinnu en það er ekkert að hafa. Þetta gengur mjög hægt,“ segir Pálmi.

„Ég er búinn að sækja um starf í Stykkishólmi en ég á ekki von á að fá það starf,“ segir Pálmi sem að öllu óbreyttu verður áfram í Vesturbænum.

- óóó

Hólmar Örn Rúnarsson:

Aftur til æfinga

FÓTBOLTI Hólmar Örn Rúnarsson, leikmaður Keflavíkur, er að snúa aftur eftir meiðslu. Hann hefur ekkert spilað síðan gegn Fylki í 2. umferð Pepsi-deildarinnar, en mun mæta til æfinga á næstu dögum. „Ég hef verið að hlaupa en það er annað að spila fótbolta,“ sagði Hólmar.

Keflvíkingar urðu hins vegar fyrir áfalli þegar ljóst var að Hörður Sveinsson leikur ekki næstu vikurnar. Hörður hefur skorað fjögur mörk í ellefu leikjum í sumar en hann brákaði bein í ristinni gegn ÍBV um síðustu helgi.

- egm

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

Er tímareimin komin á tíma?

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðuðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantuðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:
Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000
 Heildarverð, varahlutur og vinna: **49.088 kr.**

Toyota Land Cruiser 90 3,0TD Árgerð 1997-2002
 Heildarverð, varahlutur og vinna: **36.925 kr.**

Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001
 Heildarverð, varahlutur og vinna: **35.987 kr.**

VW Golf 1,6 AEE bensín Árgerð 1997-2006
 Heildarverð, varahlutur og vinna: **46.774 kr.**

Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005
 Heildarverð, varahlutur og vinna: **38.948 kr.**

Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00
www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantuðu tíma.

REYKJAVÍK
 VÉLALAND - VAGNHÖFÐA 21
 Sími 577-4500

VÉLALAND
 VAGNHÖFÐI
 TANGARHÖFÐI
 BRÍÐSHÖFÐI
 HÖRÐARHÖFÐI
 HUSGAGNAHÖLLIN
 VESTURLANDSVEGUR

Logi Ólafsson á von á erfiðum leik gegn Larissa í Evrópu deild UEFA í kvöld:

Nikos Dabizas á KR-vellingnum

FÓTBOLTI Bikarmeistarar KR mæta Larissa frá Grikklandi í fyrri leik félaganna í Evrópu deild UEFA á KR-vellingnum í kvöld. Leikurinn hefst kl. 19.15 en upphitun hefst í KR-heimilinu kl. 17 og er fólk því hvatt til þess að mæta tímanlega á völlinn.

Logi Ólafsson, þjálfari KR, segir eðlilega mikla eftirvæntingu ríkja innan her-búða KR fyrir leikinn og vonast til þess að KR og hin íslensku liðin fari að láta til sín taka í Evrópu-leikjunum.

„Þetta eru náttúrulega leikir sem mönnum finnst hvað mest spennandi að taka þátt í og geta borið sig saman við þá bestu. Það hefur líka verið yfirlýst markmið allra íslenskra liða sem taka þátt í þessum keppnum að gera meira, því uppskeran hefur verið rýr síðustu ár og við verðum að reyna hvað við getum að breyta því,“ segir Logi.

Logi viðurkennir að hann hafi ekki fengið miklar upplýsingar upp í hendurnar um andstæðinga KR, en á von á mjög erfiðum leik.

„Við vitum bara að þetta er mjög gott lið sem við erum að fara að mæta en það hefur gengið frekar erfiðlega að fá upplýsingar um það. Þeir hafa verið að spila æfingaleiki upp á síðkastið og við höfum fylgst vel með því hvernig það hefur gengið. Þeir hafa verið að skipta átta leikmönnum inn á í hálfleik og hrista mikið upp í þessu, þannig að það er erfitt að átta sig á því hverjir eru aðalmennirnir og hverjir ekki.“

Þeir eru líka búnir að styrkja sig mikið frá því í fyrra. Við þekkjum náttúrulega Stelios, sem var hjá Bolton, og Nikos Dabizas, sem var hjá Newcastle, og svo eru nokkrir Brasilíumenn og Argentíniumenn. Við sáum reyndar einhverjar þrjár mínútur með liðinu á YouTube, en það er eins og ég segi, ekki mikið sem við getum byggt á. Við reiknum bara með því að þetta sé svona dæmigert grískt lið sem er með snaggaralega og tæknilega góða leikmenn,“ segir Logi.

LOGI Vill sjá íslensku liðin gera betur í Evrópuleikjum sínum en þau hafa gert undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

- óþ

**TAX
FREE
DAGAR**



AFNEMUM VSK
ALLAR ÚTILEGUVÖRUR ÁN VIRÐISÁUKASKATTS



AFNEMUM VSK
ÖLL HJÓL ÁN VIRÐISÁUKASKATTS

RALEIGH
CROSS
www.crosscycle.com



AFNEMUM VSK
ÖLL GRILL ÁN VIRÐISÁUKASKATTS

grandhall
living style



OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 19. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> Toni Collette

„Það er ekki hægt að eiga gott samband við annað fólk nema vita hvað það er sem maður þarf og vill í þessu lífi.“

Collette fer með annað aðalhlutverkíð í kvikmyndinni *Connie and Carla* sem *SkjáEinn* sýnir í kvöld.



dagskr



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HORFIR LOKSINS Á EITTHVAÐ ALMENNILEGT

Sálfræðingur gómar fjöldamorðingja

Gegnsýrd af lágmenningu sjónvarpsins undanfarnar vikur, þar sem óhræsisþættir á borð við *Stylista*, *Hell's Kitchen* og *Greatest American Dog* hafa hreitt mig dag eftir dag, fékk ég loksins eitthvað almennilegt að horfa á á þriðjudagskvöldið. Á dagskrá Ríkissjónvarpsins var breski spennuþátturinn *Wire in the blood*, eða Illt blóð, þar sem hinn sjarmerandi leikari Robson Green leikur sálfræðinginn sérlundaða Dr. Anthony „Tony“ Valentine Hill.



ROBSON GREEN er heillandi sem sálfræðingurinn Dr. Hill.

Tony þessi Hill aðstoðar lögregluna við að koma höndum yfir morðingja og þá oft á tíðum fjöldamorðingja. Fjöldamorð virðast annars ótrúlega algeng í bænum Bradfield þar sem Dr. Hill býr og starfar.

Til að góma skúrkin reynir Dr. Hill að lesa í aðstæður og aðferðir morðingjanna og reynir að útbúa einhvers konar persónulýsingu. Þetta tekst honum vissulega oft á tíðum, en ólíkt bandarískum þáttum, alls ekki alltaf. Þættirnir enda því ekki alltaf gleðilega og Tony Hill er sjaldnast mikil hetja enda á hann við ýmis persónuleg vandamál að stríða.

Illt blóð eru þrusugóðir þættir, uppfullir af spennu. Oft var ég komin fremst á sófann, hallandi mér fram með augun á stilkum til að missa alveg örugglega ekki af neinu. Það gerist nú ekki oft. Þættirnir eru vel skrifaðir, söguþráðurinn listilega ofinn, myndatökan ljómandi og svo skemmir nú ekki fyrir að hafa hinn sjarmerandi Robson Green fyrir augunum.

Þættirnir voru fyrst framleiddir árið 2002. Þeir eru byggðir á persónum úr sögum Val McDermid. Titill þáttanna er fenginn úr einni af sögum hennar en kemur þó upphaflega úr ljóðinu Burnt Norton eftir T. S. Eliot. Aðeins tveir fyrstu þættir fyrstu seríunnar voru þó eftir sögum McDermids en aðrir þættir hafa verið skrifaðir af öðrum. Á Íslandi er nú verið að sýna fimmtu þáttaröðina

og geta íslenskir aðdáendur því hlakkað til einnar þáttaraðar til viðbótar. Því miður hefur ITV-sjónvarpsstöðin hins vegar ákveðið að ekki verði teknir upp fleiri þættir en þeir þóttu óf ýrir í framleiðslu. Hver þáttur kostaði um 750 þúsund pund.

FIMMTUDAGUR



▶ 17.40 *The O.C.* STÖÐ 2 EXTRA



▶ 20.00 *Yours, Mine and Ours* STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.10 *Hell's Kitchen* STÖÐ 2



▶ 20.30 *Everybody Hates Chris* SKJÁREINN



▶ 20.45 *Aðþrengdar eiginkonur* SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

08.00 Opna breska meistaramótið í golfi (1:5) Bein útsending frá 137. Opna breska meistaramótinu í golfi sem fram fer á Turnberry-vellinum í Skotlandi dagana 16.-19. júlí.

18.20 Táknmálsfréttir

18.25 Stundin okkar (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Bræður og systur (Brothers and Sisters III) (45:63) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjöruug samskipti.

20.20 Fréttir aldarinnar 1971 - Viðreisnarstjórnin fellur í kosningum.

20.29 Fréttir aldarinnar 1972 - Einvígi aldarinnar í Reykjavík.

▶ **20.45 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

21.30 Trúður (Klovn II) (e)

22.00 Tíufréttir

22.15 Veðurfréttir

22.25 Nýgræðingar (Scrubs VII) Gamanþáttaröð um lækningu J.D. Dorian og ótrúlegar uppkomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlega og allt getur gerst.

22.45 Afrika, ástin mín (Afrika, mon amour) (2:3) Þýskur myndaflokkur um konu sem flyst frá Berlín til Tansaníu árið 1914 eftir að maðurinn hennar er henni ótrú. (e)

00.15 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 The Devil Wears Prada

10.00 TMNT

12.00 Yours, Mine and Ours

14.00 Charlotte's Web

16.00 The Devil Wears Prada

18.00 TMNT

▶ **20.00 Yours, Mine and Ours** Gamanmynd um Frank og Helen sem hittast og verða ástfangin. Hann á átta börn en hún tíu svo það er allt annað en einfalt máli.

22.00 Darkness

00.00 Ong-bak

02.00 Bodywork

04.00 Darkness

06.00 Employee of the Month

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Svampur Sveinsson, Lalli, Litla risaæðlan, Elías og Íkornastrákurinn.

08.15 Oprah

08.55 Í fínu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 Doctors (3:26)

10.30 Sjálfstætt fólk

11.05 New Amsterdam (2:8)

11.50 Gossip Girl (6:25)

12.35 Nágrannar

13.00 Hollyoaks (234:260)

13.25 Wings of Love (102:120)

14.10 Wings of Love (103:120)

14.55 Ally McBeal (10:21)

15.40 Barnatími Stöðvar 2 A.T.O.M., Nonni nifteind, Bratz og Elías.

17.00 Bold and the Beautiful

17.25 Nágrannar

17.50 Friends (21:23)

18.20 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.11 Veður

19.20 The Simpsons

19.45 Two and a Half Men (7:19) Charlie Harper lífið í vellystingum þar til bróðir hans, Alan, flutti inn á hann slyppur og snauður, nýfráskilinn, með son sinn Jack.

▶ **20.10 Hell's Kitchen** Sjónvarpskokkurinn ógurlegi Gordon Ramsay er snillingur í að etja saman efnilegum áhugamönnum um matreiðslu í einstaklega harðri keppni um starf á alvöru veitingahúsi.

20.55 The Mentalist (22:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbetta athyglisgáfu sína.

21.40 Eleventh Hour (1:18)

22.25 On Her Majesty's Secret Service James Bond leitar aðstoðar glæpaforingjans Draco við að hafa uppi á Ernst Blofeld, yfirmanni hinna illræmdu Spectre samtaka. George Lazenby er hér í sinni fyrstu og síðustu Bond-mynd.

00.45 Prison Break (24:24)

01.30 Syria

03.35 Palindromes

05.15 Friends (21:23)

05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

18.15 PGA Tour 2009 - Hápunktar Sýnt frá hápunktunum á PGA mótariðinni í golfi.

19.10 Inside the PGA Tour 2009 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótariðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

19.35 Augusta Masters Official Film Frábær mynd þar sem Augusta Masters eru gerð góð skil.

20.30 Kraftasport 2009 Sýnt frá keppninni Sterkasti maður Íslands en þangað mættu flestir af sterkustu mönnum landsins.

21.00 Herminator Invitational Sýnt frá Herminator Invitational sem fór fram í Vestmannaeyjum í lok júní en það var Hermann Hreiðarsson sem stóð fyrir mótinu.

21.30 10 Bestu: Rúnar Kristinnson Fjórði þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspilmenn Íslandssögunnar.

22.15 Pepsímörkin 2009 Þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

23.15 Poker After Dark Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

SPORT 2

19.00 West Ham - Stoke Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

20.40 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlífum.

21.10 Season Highlights 2002/2003 Allar leiktiðir Úrvalsdeildanna gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

22.05 PL Classic Matches Arsenal - Man United, 1999. Hápunktamir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

22.35 PL Classic Matches West Ham - Sheffield Wed, 1999.

23.05 Everton - Bolton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist

07.30 Monitor (4:8) (e)

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Óstöðvandi tónlist

12.00 Monitor (4:8) (e)

12.30 Óstöðvandi tónlist

17.30 Rachael Ray

18.15 America's Funniest Home Videos (48:48) (e)

18.40 Greatest American Dog (e)

19.30 Matarklúbburinn (4:8) (e)

20.00 All of Us (14:22) Bandarísk gamanseria um fráskilin hjón, Robert og Nees-ee, sem eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd.

▶ **20.30 Everybody Hates Chris** (8:22) Bandarísk gamanseria þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.

21.00 Family Guy (7:18) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

21.25 Connie and Carla Gamanmynd um vinkonur sem dreymir um að slá í gegn sem söngkonur en eru heldur misheppnaðar. Þegar þær Connie og Carla verða vitni að mafumorði þurfa þær að flýja Chicago og halda til Los Angeles.

23.05 Penn & Teller: Bullshit (24:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans.

23.35 Britain's Next Top Model (e)

00.25 CSI. Miami (9:21) (e)

01.15 Painkiller Jane (21:22) (e)

02.05 Óstöðvandi tónlist

INN

20.00 Hrafnapung Í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Gestir eru á öndverðum meði í stjórnmálum.

21.00 Í kallfæri Jón Kristinn Snaehólm stjórnmálafraeðingur ræðir um daginn og veginn.

21.30 Maturinn og lífið Fritz Jörgensson ræðir um matarmenningu við gest sinn en honum til liðs eru Manuel Vincent Colsy og Óskar Örn Einarsson.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA
Dagskrá allan sólarhringinn.

Á FERÐALAGI

17.-18. JÚLÍ Á FLÚÐUM

FÖSTUDAGUR:
Í býtið
Ívar Guðmunds
Bragi Guðmunds
Reykjavík síðdegis

LAUGARDAGUR:
Hemmi Gunn og Svansí strax
að loknum hádegisfréttum

BYLGJAN
á ferðalagi
Flúðir næstu helgi!

BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



Í KVÖLD

▶ VIÐ MÆLUM MED

The Loop - NÝTT

Stöð 2 extra

Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi og glímur við erfiðan yfirmann. Heimilis-aðstæðurnar eru einnig nokkuð skrautlegar, en Sam býr með bróður sínum og tveimur vinkonum sem stunda samkvæmislífið meira en Sam ræður við.



STÖÐ 2 KL. 21.40

Eleventh Hour

Spennubáttur úr smíðju Jerrys Bruckheimer sem er byggður á samnefndum breskum þáttum. Söguhetjan er dr. Jacob Hood eðlisfræðingur sem aðstoðar FBI við að rannsaka sakamál sem krefjast vísdalegrar úrlausnar eða þegar jafnvel er talið að þau séu af yfirmátturlegum toga. Það er jafnan allra síðasta úrræðið að kalla Hood til enda er hann hrokagikkur og erfiður í samstarfi. Þættirnir eru í anda C.S.I, Fringe og Numbers.



EXTRA

16.45 **Hollyoaks** (233:260)

17.15 **Hollyoaks** (234:260)

▶ 17.40 **The O.C. 2** (3:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

18.25 **Seinfeld** (10:24)

18.45 **Hollyoaks** (233:260)

19.15 **Hollyoaks** (234:260)

19.40 **The O.C. 2** (3:24)

20.25 **Seinfeld** (10:24)

21.00 **Fréttir Stöðvar 2**

21.20 **Ísland í dag**

21.40 **The Loop** (1:10) Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi.

22.05 **Gossip Girl** (23:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

22.50 **The Closer** (12:15) Brenda Leigh Johnson leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsviruðu lögreglu í Los Angeles.

23.35 **Monarch Cove** (5:14)

00.20 **In Treatment** (9:43)

00.50 **Sjáðu**

01.20 **The Loop** (1:10)

01.45 **Fréttir Stöðvar 2**

02.25 **Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

BBC entertainment

10.00 Only Fools and Horses 10.30 Absolutely Fabulous 11.00 Only Fools and Horses 11.30 Absolutely Fabulous 12.00 My Family 12.30 Blackadder the Third 13.00 Only Fools and Horses 13.30 Absolutely Fabulous 14.00 The Weakest Link 14.45 My Family 15.15 Blackadder the Third 15.45 Only Fools and Horses 16.15 Absolutely Fabulous 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 My Family 18.30 Blackadder Goes Forth 19.00 Saxonale 19.30 Little Britain 20.00 Dalziel and Pascoe 20.50 Saxonale 21.20 Little Britain 21.50 EastEnders 22.20 The Weakest Link 23.05 Dalziel and Pascoe 23.55 Saxonale 00.25 Little Britain

DR 1

10.30 DR1 Dokumentaren - Ej blot til lyst 11.30 Politiskolen 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 Flight 29 savnes! 13.20 Nyfodte i trængsel 13.30 SommerSummerum 13.35 Svampebob Firkant 13.55 SommerSummerum 15.05 Trolddomsæsken 15.30 Fandango med Rebecca 16.00 Supemabo 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 SommerVejret 17.05 En Kongelig Familie 18.00 Den store dag 19.00 TV Avisen 19.25 SommerVejret 19.35 Aftentour 2009 20.00 Landsbyhospitalet 20.50 The Outsiders 22.00 Så er der pakket 22.25 Seinfeld

NK1

10.30 Norge rundt jukeboks 11.30 Sport Jukeboks 12.30 Svisj gull jukeboks 14.00 Bussen 15.20 Litt som deg 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Månebjørn 16.15 Bernt og Erling på nye eventyr 16.20 Rorri Racerbil 16.30 Froken Fridas helspoe eventyr 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Ei kaldblodig verd 18.20 Der fartyg flyte kan 18.50 Smilehullet 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sommeråpent 20.15 Partydronninger 21.00 Kveldsnytt 21.15 Er jeg normal? 22.15 E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag 22.45 En liten ape i en farlig verden 23.35 Ekstremvær jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Guld och gröna skogar 10.35 Vårt hus - en mögelfälla 11.05 Grattis kronprinsessan 13.00 Sommarkväll med Anne Lundberg 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Författarpörträtt 15.20 Den röde smeden 15.50 Så såg vi sommaren då 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Vildmark fiske 16.45 Hemliga svenska rum 17.00 Beruflsens pengabinge 17.30 Rapport 17.50 Regionala nyheter 18.00 Packat & klart sommar 18.30 Mitt i naturen 19.00 Spioner på riktigt 19.55 Bikinirevolutionen 20.50 Uppdrag granskning - sommarspecial 21.50 Kriminalljuren 22.35 Sändningar från SVT24

ÞÓRIR SÆMUNDSSON

ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR

KJARTAN GUÐJÓNSSON

FRÁ HÖFUNDI PRESSU OG LEIKSTJÓRA DÍS

Ástriður

Ný rómantísk gamanþáttaröð á Stöð 2
Hefst 19. ágúst



Ástriður ræður sig til vinnu hjá fjármálafyrirtæki. Henni reynist erfiðt að fóta sig í hörðum heimi viðskiptalífsins og enn verr í miklu harðari heimi ástarlífsins. Þar veðjar hún ósjaldan á þann ranga, jafnvel þó sá rétti sé beint fyrir framan nefið á henni.

Ástriður er ný og spennandi leikin gamanþáttaröð, full af rómantík og drama og með stórskemmtilegri skírskotun í íslenskan veruleika rétt fyrir hrun.



MORGUNMATURINN



„Í morgun fékk ég mér seriós en oft fæ ég mér brauð með smurosti. Annars er það bara mismunandi eftir dögum.“

Guðjón Rúnar Emilsson, eigandi Fígúru.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT: 2. land, 6. til dæmis, 8. skammstöfun, 9. farvegur, 11. guð, 12. ofanálag, 14. táknmynd, 16. verslun, 17. áverk, 18. bók, 20. fingerð líkamshár, 21. fyrr.

LÓÐRÉTT: 1. sálda, 3. rún, 4. garðplöntutegund, 5. keyra, 7. svöltið, 10. er, 13. háð, 15. gála, 16. yfirbragð, 19. í röð.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. strá, 3. úr, 4. bergnál, 5. aká, 7. dálítt, 10. sem, 13. gys, 15. sár, 18. til, 20. í, 21. áður. LÁRÉTT: 2. kúba, 6. td, 8. rek, 9. rás, 11. ra, 12. álegg, 14. ímynd, 16. b, 17. sár.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Pú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma

Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Sýnir leikrit á heimilum annarra

Ævar Þór Benediktsson leiklistarnemi setur upp einleikinn Elly, alltaf góð eftir Þorvald Þorsteinsson í heimahúsum. Ekki sínu reyndar, heldur hjá velunnurum sínum.

Þorvaldur skrifaði verkið árið 1999 og lét það í hendur Ævars eftir að hafa séð hann í uppsetningu Menntaskólans á Akureyri á Hárinu. Ævar setti það fyrst upp í leikstjórn Skúla Gautasonar í hlöðunni á Litla-Garði sumarið 2003. „Verkið er tíu ára í ár og Þorvaldur er aðeins að kíkja á það í tilefni uppsetningarinnar,“ segir Ævar. Sjálfur vill hann koma að því að nýja með þeim verkfærum sem hann hefur víðað að sér í og með námi við Listaháskóla Íslands.

Ævar fékk félagar sinn Hlyn Pál

Pálsson til að leikstýra sér, en Hlynur er nýtskrifaður úr Fræðum og framkvæmd og lék Ævar í lokaverkefni hans. „Við erum báðir áfjádír í að gera eitthvað sem kraftur er í.“ En um hvað er Elly? „Verkið er um baráttuna fyrir því að vera góður strákur. Það er gluggi inn í líf þessa manns. Við fáum tækifæri til að líta inn í hálf tíma eða svo.“

Hann segir því eðlilegast að setja verkið upp heima í stofu. „Við erum að leita að íbúðum og það stefnir í það að við munum rótera á milli tveggja til þriggja íbúða. Það eru furðu fáar lausar íbúðir á miðbæjarsvæðinu, þannig að ef einhver vill aðstoða þá væri það kærkomið.“ Hann segist ekki vilja leikhúsvæða íbúðirnar heldur komi



FLUTTIR INN Ævar Þór og Hlynur Páll færa sig inn í stofu velunnara síns.

fólk bara í heimsókn og setjist þar sem er sæti.

En hann sýnir ekki heima hjá sjálfum sér. „Vegna þess að þetta er ekki ég, þessi maður. Hann á

ekki heima í sama húsi og ég, allavega ekki í sömu íbúð.“ Verkið er sýnt á artPart 9-13. ágúst og hægt verður að nálgast miða á artpart.is.

- kbs

SELMA BJÖRNSDÓTTIR: EGGERT ÞORLEIFSSON LEIKUR FAGIN

Heljarinnar leit að Óliver

„Eggert Þorleifsson leikur Fagin. Já, Laddi lék hann á sínum tíma. Ég er ótrúlega ánægð með að fá Eggert í hlutverkið. Hef verið mikill aðdáandi hans frá fornri tíð. Að fá að leikstýra Dúdda úr Með allt á hreinu hlýtur að vera draumur sérhvers leikstjóra,“ segir Selma Björnsdóttir leikstjóri.

Einhver stærsta sýning Þjóðleikhússins á næsta leikári er Óliver sem byggir á sögu Charles Dickens – Óliver Twist. Selma mun leikstýra sýningunni. Vyt autas Narbutas mun hanna leikmynd, Bob Richard hefur umsjón með sviðshreyfingum, Jóhann G. Jóhannsson er tónlistarstjóri og María Ólafsdóttir sér um búnina.

Óliver var síðast á fjöllum Þjóðleikhússins árið 1989 og þá lék Laddi eina eftirminnlegustu persónu heimsbókmenntanna – Fagin – þann sem gerir út glæpangengi drengja. Selma segist vera búin að skipa í helstu hlutverk og segir frá því að Vigdís Hrefna Pálsdóttir muni leika Nancy. En hin miðlæga persóna verksins, sá sem allt hverfist um, drengurinn sem fer á munaðarleysingjahæli og lendir í flokki vasahjólfa og smáglæpamanna Fagsins – Óliver – er ófundinn. Framundan er mikil leit, ekki aðeins að honum heldur einnig Hrappi og hinum krökkunum á munaðarleysingjahælinu. Alls gætu þetta verið um þrjátíu drengir á aldrinum 9 til 14 ára sem Þjóðleikhúsið mun ráða til að dansa, syngja og auðvitað leika í Óliver. „Þetta verður heljarinnar leit. Við erum að leita að „múltitalentruðum“ drengjum,“ segir Selma. En Þjóðleikhúsið mun í september gangast fyrir miklum prufum og sé að marka þá miklu ásókn sem verið hefur í áheyrnarprufur í tengslum við hinar og þessar sýningar og keppnir má búast við því að handagangur verði í óskjunni.

Selma er að verða einhver helsti sérfræðingur Íslands þegar áheyrnarprufur eru annars vegar. Til dæmis í tengslum við sýninguna Grease, sem Selma leikstýrði, og svo Idol-þættina þar sem



EGGERT OG SELMA BJÖRNS

Að leikstýra sjálfum Dúdda er draumur sérhvers leikstjóra, að sögn Selmu. Selma mun, sem helsti sérfræðingur landsins í áheyrnarprufum, standa í ströngu í september þegar leitin mikla að Óliver og 30 drengjum öðrum á aldrinum 9 til 14 ára hefist.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Selma var einn dómara. „Já, ég hef verið viðstödd þær nokkrar. Það er alltaf gaman að taka þátt í því að leita að óslípudum demöntum. Alltaf er einn og einn sem maður sér sem maður hefur ekki heyrt í áður sem reynist ótrúlega mikið talent. Það er alltaf þess virði að vera með svona prufur,“ segir Selma. Og það vex henni hreint ekki í augum að starfa með stórum hópi unglingspilta – þjóð-

félagshópi sem hefur á sér það orð að vera ódælli en gengur og gerist meðal homo sapiens tegundarinnar. „Ég er vön að vinna með börnum og unglingum. Finnst það ótrúlega skemmtilegt. Þau hafa reynst vinnugt og agað fólk sem hefur áhuga á viðfangsefninu. Áhuginn skín alltaf í gegn og maður reynir að velja þannig fólk með sér.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Staða þjóðleikhússtjóra var auglýst til umsóknar nýverið. Núverandi þjóðleikhússtjóri, Tinna Gunnlaugsdóttir, vill sitja áfram en meðal umsækjenda er fyrrum umhverfisráðherra, Kolbrún Halldórsdóttir. Einn umsækjandi dró umsókn sína til baka þegar fyrir lá hversjör höfðu sótt um en það mun hafa verið leikarinn og leikstjórinn knái **Stefán Jónsson**. Tveir félagar hans og jafnaldrar úr MR, sem létu til sín taka í Herra-nótt, Ari Matthíasson og Hilmar Jónsson eru meðal umsækjenda.

Vinahópur sem alinn er upp í hverfi 104, en þar fara fremstir þeir Þorvaldur Davíð og Sólmundur Hólm, ætla að standa fyrir trúðadorakvöldi á Grand Rokk á föstudagskvöld undir yfirskriftinni Kafteinn 104. Þorvaldur og Sólmundur sendu nýverið frá sér smellinn Sumarsaga. Nafngiftin Kafteinn 104 vísar til póstnúmers æskuheimila félaganna og til Kafteins Morgan sem þeir eru sannfærðir um að sé drykkur hins sanna trúðadors.

DV bauð í vikunni upp á þrjátíu óbrigðul ráð til að græða á kreppunni. Blaðið áréttaði að hviðetna bæri að fara að lögum en eitt ráðanna var að gefa út, eins og tíðkast í Hollywood, svokallað „Star map“-kort og heimilisföng fræga fólksins fyrir ferðamenn. DV reyndist í þessu ekki eins frumlegt og efnistóðu til. Einn reyndi þetta nefnilega nýverið með fremur snautlegum árangri enda íslenska þjóðarsálin viðkvæm. Í nýtkominni túristabók sinni „The Real Iceland“ birtir **Páll Ásgeir Ásgeirsson** nokkur heimilisföng frægra Íslendinga, svo sem Bjarkar og móður hennar. Uppátækið féll í gryttan jarðveg, Forlagið rann á rassinn með að standa með bók sinni og innkallaði hana eins og fram kom í Mogganum.

- jbg

Næststærst á fyrsta starfsári

„Það er ekki endilega markmiðið að verða stærsti útgefandinn, heldur að verða sá besti,“ segir Steinþór Helgi Arnsteinsson einn eigenda Hljómplötuútgáfunnar Borgarinnar, sem er á fyrsta starfsári orðin næststærsta plötuútgáfa landsins.

Áður hefur verið sagt frá fyrirhugaðri útgáfu á nýrri plötu Hjalma, tónleikauptöku Megasar og Senubjófanna, nýrri plötu Egils Sæbjörnssonar og Sólskininu í Dakota með Baggalúti.

Í gær var svo staðfest að Hjalta-lín, Sigríður Thorlacius og Heiðuruspiltar, Seabear og múm gefa einnig út hjá fyrirtækinu. Þá hafa Sprengjuhöllin, Bloodgroup, Ólafur Arnalds, Klassart og hip hop



SEL HJÁ BORGINN! Sigríður Thorlacius og Heiðurspiltar eru spennit yfir nýrri útgáfu. Borgin var kynnt á blaðamannafundi í gær og Sigga tók lagið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

sveitin Fallegir menn öll gengið til liðs við útgáfuna. Loks er fyrirhuguð barnaplata frá þeim Braga Valdimar og Öttarri Proppé.

Flestir tónlistarmennirnir færa

síga frá öðrum útgáfum. „Það er væntanlega af því að þeir vilja prófa nýtt og ég held að ég geti sagt að við verðum að bjóða sanngjarnari samninga fyrir alla aðila.“ Steinþór telur þar til aðgang að Hljóðrita og dreifingarkerfi Kimi Records.

Engin útrás er fyrirhuguð að svo stöddu, heldur innrás. „Borgin fer út á land,“ stingur Sigríður Thorlacius upp á, eftir tillögu Sigurðar Guðmundssonar um endurvakningu flöskuballanna. „Hvernig væri að byrja að „meika það“ hérna heima, í stað þess að „meika það“ í útlöndum?“ spyr Arnljótur Sigurðsson bassaleikari. Það vantar ekki hugmyndir hjá Borginni.

-kbs

GLÆNÝ STÓRLÚÐA

STÓR OG FALLEGUR HUMAR

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

ÚTSALA

Útsalan er hafin

40% afsláttur
af öllum vörum

Andersen & Lauth

Reykjavík

established 1934

Herraverzlun, Laugavegi 7
Kvenverzlun, Laugavegi 86-94
www.andersenlauth.com



BAKPANKAR
Ragnheiðar
Tryggvadóttir

Stund milli stríða

Tæknileg vandkvæði hafa orðið þess valdandi að sjónvarpsútsendingar hafa ekki náðst heima hjá mér í nokkra daga. Til að byrja með var þetta óþægilegt. Ókunnugleg þögnin sló mig út af laginu og ég reyndi hvað eftir annað að kveikja á tækinu, jafnvel þó ekkert væri á dagskrá sem mig langaði til að sjá. Ég vildi bara hafa sjónvarpið í gangi. Gjallandi tækið var orðið eins og þulsetinn gestur, sem ég saknaði þó hávær væri.

FJARVERA þessa málgláða gests vandist þó furðu fljótt og þögnin sem hafði verið þrúgandi varð þægileg. Kyrrð komst á hugann og eins komst miklu meira í verk en ella þegar ekki var eitthvað á skjánum til að gleppja frá verkum. Loks náðist fyrir endann á uppvaskinu og þvotturinn var þveginn og brotinn saman. Það var meira að segja smíðaður sólpallur í garðinum og unnið við smíðar fram á kvöld.

ÉG MAN þegar engar sjónvarpsútsendingar voru á fimmtudögum né á sumrin. Einungis var um eina stöð að velja, ríkissjónvarpið, sem bauð upp á Tomma og Jenna sem barnaefni. Á sunnudögum þraukaði ég í gegnum Hugvekjuna til að geta horft á Stundina okkar og Húsið á sléttunni og á jólnum minnir mig að það hafi verið sýndar fleiri en ein teiknimynd sama daginn.

ÉG VEIT svo sem ekki hvernig ég hélt þetta út. Sjálfsgagt reyndi ég að leika mér eitthvað og ég man ekki eftir því að sjónvarpsleysið á fimmtudögum hafi háð mér mikið. Hvað þá yfir sumartímann þegar lokað var fyrir útsendingar, enda nóg við að vera á sumrin. Og þar sem ég bjó í afskekktari sveit norðan heiða hafði ég slitið barnsskónum áður en stöð tvö náði þangað uppeftir. Ég ólst því ekki upp við að sjónvarpið væri í gangi daginn út og inn.

PESSI ósiður að horfa of mikið á sjónvarpið og hafa kveikt á því liðlangan daginn vatt smám saman upp á sig með auknu úrvali á sjónvarpsstöðvum. Nú kalla ég þetta ósið, því þessir síðustu dagar án sjónvarpsins hafa sýnt mér hvað annað má gera við tíma sinn. Svo er að sjá þegar sjónvarpsendingar nást aftur á heimilinu, hvort ég muni eftir því að það er jafnvel bara hægt að slökkva.



GRILL VEISLA Í LINDUM

Í ELÐUM ÍSLENSKT!

Íslenskir bændur í samvinnu við Krónuna ætla að heilgrilla bæði svín og lamb fyrir utan Krónuna í Lindum Kópavogi á fimmtudag og föstudag. Grænmetisbændur skaffa ljúffengt íslenskt grænmeti og kokkarnir á Hótel Sögu sjá síðan um að fullkomna máltíðina. Allir eru velkomnir að koma að sjá og bragða á kræsingunum.

FIMMTUDAGUR
FRÁ KL. 16



heilsteikt
SVÍN

Komdu og sjáðu listakokkana heilgrilla svín og fáðu þér smakk í leiðinni.

FÖSTUDAGUR
FRÁ KL. 16



heilsteikt
LAMB

Komdu og sjáðu listakokkana heilgrilla lamb og fáðu þér smakk í leiðinni.

GÓÐAN DAG!
Í dag er fimmtudagurinn 16. júlí 2009, 197. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	3.44	13.34	23.21
Akureyri	3.00	13.18	23.34

Heimild: Almanak Háskólans

KRÓNANAN  **LINDUM, KÓPAVOGI**
ÓPIÐ VIRKA DAGA 11-20 • HELGAR 10-19